


Skýrsla

um starfsemi

Hafrannsóknastofnunarinnar 1980

STÆRD OG ÚTLIT HELSTU VEÐARFÆRA



RIT FISKIDEILDAR

I. BINDI — VOL. I.

1940. Nr. 1. Árni Friðriksson: Rannsóknir Fiskideildar 1937–1939. (Investigations carried out by the Fisheries Department of the University Research Institute Reykjavík in the Years 1937–1939. 11 Figs. and Summary in English).
- Nr. 2. Árni Friðriksson: Lax-rannsóknir 1937–1939. (Salmon Investigations in the Years 1937–1939. 12 Figs. and Summary in English).
1941. Nr. 1. Finnur Guðmundsson og Geir Gígja: Vatnakerfi Ölfusár–Hvitá. (The River-system Ölfusá–Hvitá. 5 Figs. and a Map. Summary in German).
1942. Nr. 1. Finnur Guðmundsson og Geir Gígja: Vatnakerfi Blöndu. (The River-system Blanda. 12 Figs. Summary in German).
1944. Nr. 1. Árni Friðriksson: Norðurlands-sildin. (The Herring of the North-Coast of Iceland. 52 Figs. and 70 Tables. Summary in English). (Ófáanlegt).
1950. Nr. 1. Árni Friðriksson og Günther Timmermann: Rannsóknir á hrygningarástöðvum vortgossíldar vorið 1950. (Herring spawning Grounds off the South Coast of Iceland during Spring 1950. 5 Figs. No Summary. Extract printed in J. Conseil Explor. Mer. XVII. No. 2. Copenh. 1951). (Ófáanlegt).
- Nr. 2. Árni Friðriksson og Olav Aasen: Norsk-íslensku sildarmerkingarnar (9 Figs. but no Summary. This is a Translation of Á. F. and O. Aa.: The Norwegian-Icelandic Herring Tagging Experiments. Rep. on Norw. Fish. and Mar. Inv. Vol IX. Nr. 11. Bergen, Norway 1950). (Ófáanlegt).
1952. Nr. 1. Árni Friðriksson and Olav Aasen: The Norwegian-Icelandic Herring Tagging Experiments. Report no. 2. 13 Figs.

II. BINDI — VOL. II.

- Nr. 1. Hermann Einarsson and Unnsteinn Stefánsson: Drift Bottle Experiments in the Waters between Iceland, Greenland and Jan Mayen during the Years 1947 and 1949. 1953.
- Nr. 2. Unnsteinn Stefánsson: Temperature Variations in the North Icelandic Coastal Area. 1954.
- Nr. 3. Hermann Einarsson: Skarkolinn (*Pleuronectes platessa* L.) í Hamarsfirði. — (The Plaice (*Pleuronectes platessa* L.) in Hamarsfjord, E-Iceland). 1956.
- Nr. 4. Hermann Einarsson: Frequency and distribution of post-larval stages of herring (*Clupea harengus* L.) in Icelandic waters. 1956.
- Nr. 5. Jakob Jakobsson: A Study of the Plankton-Herring Relationship off the SW-Coast of Iceland. 1958.
- Nr. 6. Ingvar Hallgrímsson: A Short-cut Method for Estimating Zooplankton Composition while at Sea. 1958.
- Nr. 7. Hermann Einarsson: The Fry of *Sebastes* in Icelandic Waters and Adjacent Seas. 1960.
- Nr. 8. Unnsteinn Stefánsson: Temperature at 20 Meters in Icelandic Waters in May–June 1950–1959. 1960.
- Nr. 9. Unnsteinn Stefánsson, Baldur Líndal, Jóhann Jakobsson and Ísleifur Jónsson: The Salinity at the Shores of Southwest Iceland. 1961.
- Nr. 10. Jakob Jakobsson: Icelandic Driftnet Herring Tagging Experiments. (Sildarmerkingar úr reknetum). 1961.

Skýrsla
um starfsemi
Hafrannsóknastofnunarinnar 1980

Efnisyfirlit

Útgefandi:

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritsjórn:

GUÐNI PORSTEINSSON
EIRÍKUR P. EINARSSON

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
1981

Setning, prentun, bókband: Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.

Formáli	bls. 5
Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar 1979	— 7
Sjórannsóknir	— 7
Efnafræði	— 7
Eðlisfræði	— 12
Jarðfræði	— 13
Rannsóknir á þörungum	— 13
Plöntusvif	— 13
Botnþörungar	— 16
Rannsóknir á svif- og botndýrum	— 17
Dýrasvif	— 17
Rækja	— 17
Humar	— 19
Hörpuðiskur	— 20
Fiskrannsóknir	— 21
Egg og lirfur	— 21
Fiskseiði	— 21
Fiskungviði	— 25
Fæða fiska	— 25
Síld	— 26
Loðna	— 29
Porskur	— 32
Ufsi	— 33
Ýsa	— 34
Spærlingur	— 34
Kolmunni	— 35
Skarkoli	— 35
Grálúða	— 36
Lúða	— 37
Karfi	— 38
Sandsíli	— 39
Steinbítur	— 40
Hrognkelsi	— 41
Djúpfiskar	— 41
	— 42

Veiðieftirlit	bls. 43
Selarannsóknir	— 43
Veiðarfærarannsóknir	— 44
Útibúin	— 45
Útibúið á Húsavík	— 46
Útibúið á Ísafirði	— 47
Útibúið að Höfn í Hornafirði	— 47
Hafrannsóknastofnunin 1980	— 49
Stjórn	— 49
Ráðgjafanefnd	— 49
Starfsmenn í árslok 1980	— 49
Áhafnir rannsóknaskipanna í árslok 1980	— 52
Leiðangrar 1980	— 54
Rs. Bjarni Sæmundsson	— 54
Rs. Árni Friðriksson	— 56
Rs. Dröfn	— 58
Rs. Hafþór	— 60
Aðrir leiðangrar	— 62
Ritgerðir 1980	— 66
Erindi á ráðstefnum og fundum 1980	— 72
Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir 1980	— 73
Umræðufundir 1980	— 76

Formáli

Starfsemi Hafrannsóknastofnunar árið 1980 var með líku sniði og undanfarin ár.

Það má þó telja til tíðinda, að á árinu tókst að gera við spilin í rs. Hafþór og fór skipið þrjár rannsóknaförðir á árinu að því loknu og reyndist vel.

Rannsóknaskipin Bjarni Sæmundsson, Árni Friðriksson og Dröfn voru í fullum rekstri allt árið og auk þess hafði stofnunin til umráða nokkur önnur skip til sérverkefna. Má þar nefna að forstjóri Hvals h.f. létt stofnuninni ókeypis í té hvalbátana Hval 6, Hval 7, Hval 8 og Hval 9 til merkingar á hval. Þörungavinnslan lánaði mb. Hrútey til þang- og þararannsókna í Breiðafirði og Landhelgisgæslan lánaði þyrluna TF Gró til að flytja starfsmenn stofnunarinnar til merkingar á sel. Þá fóru starfsmenn stofnunarinnar með ýmsum öðrum skipum til rannsókna og eru upplýsingar um það í töflunni um aðra leiðangra 1980. Er öllum þessum aðilum hér með færðar kærar þakkir fyrir.

Samanlagður úthaldstími rannsóknaskipana var 700 dagar árið 1980 miðað við 666 daga árið 1979. Úthaldstími í öðrum leiðöngrum nam 155 dögum miðað við 202 daga árið 1979.

Helstu útgjaldaliðir stofnunarinnar árið 1980 voru sem hér segir (í þús. kr.)

0101	Almennur kostnaður	126.896
0201	Uppsjávarfiskadeild	98.976
0301	Svif- og botndýradeild	93.335
0401	Sjórannsóknadeild	100.381
0501	Veiðarfäradeild	24.550
0601	Plöntusvifdeild	48.070
0701	Botnfiskadeild	104.721
0801	Flatfiskadeild	40.581
0901	Raftæknideild	87.142
1001	Veiðarfærakostnaður	53.205
2001	Útibú Húsavík	12.514
2101	Útibú Höfn Hornafirði	11.268
2201	Útibú Ísafirði	15.864

3001	rs. Bjarni Sæmundsson	606.190
3002	rs. Árni Friðriksson	437.532
3003	rs. Hafþór	310.813
3005	rs. Dröfn	185.787
<hr/>		2.367.825

Engar breytingar urðu á fastráðnu starfsliði stofnunarinnar á árinu.

Jón Jónsson

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar 1980

Sjórannsóknir

EÐLISFRÆÐI

Á árinu 1980 var eins og áður ástand sjávar kannað á hafinu umhverfis Ísland á mismunandi árstínum.


Helstu niðurstöður úr vetrarleiðangri (janúar–febrúar) voru þær, að hlýsjávar gætti fyrir öllu Norðurlandi austur að Langanesi, og hitastig í kalda sjónum djúpt úti af Norðurlandi var vel fyrir ofan frostmark sjávar. Austur Íslandsstraumur teygði sig samt óvenju greinilega til suðurs út af Austfjörðum. Ályktað var m. a., að haffíshætta að vori væri lítil og, að lífinu í sjónum að vori norðanlands virtist ekki vera hætta búin af pólsjó (sbr. fréttatilkynningu dags. 28. febrúar 1980 og Sv.A.M. í Ægi 73(6)).

Athuganir vorleiðangurs 1980 (maí–júní) staðfestu, að ástand sjávar hér við land var mjög gott, reyndar mun betra en oftast áður síðan 1962. Mikil útbreiðsla Atlantssjávar við landið var í góðu samræmi við magn næringarefna, gott ástand svifþörunga og átu og yfirleitt milt veðurfar á landinu (sbr. fréttatilkynningu 13. júní 1980, Sv.A.M. í Ægi 73(9) og Sv.A.M. ICES CM 1980 H : 52).


Mælingar í seiðarannsóknaleiðöngrum í ágúst–september 1980 sýndu svo mjög gott ástand í sjónum bæði við Ísland og í Grænlandshafi (sjá Hjálmar Vilhjálmsson, Jutta V. Magnússon og Eyjólfur Friðgeirsson ICES CM 1980/ H : 64 og Sv.A.M. í Ægi 73(9)).

Sjórannsóknir í nóvember 1980 sýndu að ástand sjávar á norðurmíðum hafði breyst nokkuð til hins verra frá því í ágúst. Kaldur pólsjór í yfirborðslögum lá inn yfir landgrunnsbrúnina fyrir Vestfjörðum en austar með Norðurlandi náði hann langt inn á landgrunnið. Miðdýpis var hlýi Atlantssjóinn vel heitir eins og verið hafði í góðærinu 1980. Ályktað var m. a., að miðsvetrarísinn fyrir Vestfjörðum og vestanverðu Norðurlandi, sem átti gott leiði í köldum yfirborðssjónum, gæti orðið þrálátur á umræddum slóðum um veturninn.

Í júlí var farið á rs. Bjarna Sæmundssyni í síðasta áfanga í svonefndu „suðurdjúpsverkefni“, en það hófst 1977 og var fram haldið 1978 og nú aftur 1980. Meginmarkmið rannsóknanna var að kanna eiginleika og útbreiðslu sjógerða á meira dýpi en 1000 m í hafinu djúpt suður af landinu, en fram að þessu voru gögn um athuganir frá svo miklu dýpi á þessari slóð lítil og




1.—2. mynd. Sjávarhiti í 20 m dýpi í hafinu við Ísland vorin 1979 og 1980. Myndirnar sýna betur en oftast áður, hve breytingarnar á ástandi sjávar á Íslandsmiðum geta verið miklar frá ári til árs. Vorið 1979 var eitt hið kaldasta, sem mælst hefur í sjónum við Ísland, jafnvel samanborið við sum „ísaárin“ svonefndu hér við land 1965—1971. Vorið 1980 var sjórinn við landið hins vegar hlýr og ástandið sambærilegt við sum bestu árin fyrir „ísaárin“. Pessar vormyndir endurspeglar ástandið í sjónum við landið mestan hluta harðærисins 1979 og góðærисins 1980.



9



3. mynd. Innrauð mynd frá veðurtungli 21. ágúst 1980. Pessi veðurtunglamynd sýnir óvenju vel hitaskilin í sjónum milli Íslands og Grænlands. Ljósu svæðin sýna kalandan pôlsjó í Austur-Grænlandsstraumi og einnig svalsjóinn djúpt út af Norðurlandi. Dökku svæðin sýna útbreiðslu hlýsjávarins. Myndin sýnir m. a., að sjórinn í austur-grænlensku djúpunum er heitari en uppi á sjálfu landgrunninu og stafar það af innstreymi hlýsjávar í djúpin. Dohrnbanki virðist einnig skera sig úr með heitu rangsælis innstreymi í kalda sjóinn. Myndin sýnir enn fremur tungu af heitum sjó djúpt úti af Norðurlandi. Ýmis önnur smáatriði má greina í myndinni. Pessi túlkun á myndinni er gerð auðveldar en ella með samanburði á athugunum í sjónum frá sama tíma. Er þá átt við seiða- og sjóranssóknir á rs. Árna Friðrikssyni í ágúst (sjá skýrslu í heimildaskrá og 4.—5. mynd.). Tekið skal fram, að svona skýrar myndir fást ekki alltaf, en eigi að síður er ljóst, að greið og bein móttaka slikra hitamunda á Íslandi er áhugaverð frá ýmsum sjónarmiðum. Myndin er fengin hjá comm. R. Plante, veðurstofunni á Keflavíkurflugvelli.




4. mynd. Sjávarhiti á 20 m dýpi í ágúst 1980. Ljóst er, að myndin á margt sameiginlegt með innrauðu myndinni (3. mynd), svo sem hvirflana á straumaskilunum milli heitu og köldu straumanna, hitadreifinguna á grænlenska landgrunninu og einnig að nokkru leyti djúpt úti af Norðurlandi.

ófullnægjandi. Í leiðangrinum var komið til Pórshafnar í Færejum og starfsbræður þar sóttir heim.

Í fiskirannsóknaleiðöngrum var sjávarhiti mældur og aðrar sjófræðilegar athuganir gerðar á ýmsum stöðum og árstínum, t. d. á vetrarslóð sumargots-síldar sunnanlands og inni á fjörðum austanlands (Jóhannes Briem), á loðnuslóð í Íslandshafi, á fiskislóð fyrir Vestfjörðum og á uppeldisslóðum þorskungviðis á landgrunninu frá Vestfjörðum norður um og suður með Austfjörðum. Á landstöðvum var safnað sjósýnum og mældur sjávarhiti, þ. e. við hafnarmynnið í Reykjavík og á Látrum (Pórður Jónsson).

Fjarðarannsónum svonefndum var haldið áfram, einkum í sambandi við síldarrannsóknir. Einnig var unnið að úrvinnslu gagna frá Hvalfirði. Straummælingar voru gerðar á Súgandafirði fyrir Vita- og hafnarmálaskrifstofuna og á Selvogsbanka vegna klakrannsókna. Jóhannes Briem sá um þessi verkefni.

Hafrannsóknastofnanirnar í Hamborg og Kiel gerðu beinar straummælingar í samráði við Hafrannsóknastofnunina og Alþjóðahafrannsóknaráðið djúpt suður af landinu, nánar tiltekið á um 2000 m dýpi við Kötluhryggi.



5. mynd. Fiskseiðalóðningar í ágúst 1980. Mestu lóðningarnar eru gjarnan í hlýjum sjónálægt straumaskilum. Einkum var áberandi, hve heiti sjórinn og loðnuseiðin náðu langt til norðurs fyrir Norðurlandi í góðærinu 1980. Þeim slóðum hefði e. t. v. verið unnt að sinna enn betur frá rs. Árna Friðrikssyni, ef upplýsingar loftmyndarinnar (3. mynd) hefði legið fyrir. Sú mynd er í ótrúlega góðu samræmi við mælingarnar á rs. Árna Friðrikssyni.

Einnig var áfram unnið úr gögnum frá alþjóðlegum hafrannsónum á íslenskum hafsvæðum og nálægum höfum (Overflow '73, MONA, Háskólinn í Seattle, Deep Water Project). Rétt er að geta þess, að til eru 20 ritgerðir og skýrslur erlendra manna um íslensk hafsvæði, sem að verulegu leyti byggja á gögnum er safnað var á íslenskum rannsóknaskipum. Þeir sem áhuga hafa á, geta fengið lista um þessi ritverk hjá sjórannsóknadeild stofnunarinnar. Í allt munu um 50 ritgerðir hafa birst um „Overflow '73“ og aðrar sjórannsóknir á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins síðan 1973, sem fjalla um íslensk og nálæg hafsvæði.

Sem fyrr var unnið að frágangi og dreifingu sjófræðilegra gagna, einkum í samvinnu við Alþjóðahafrannsóknaráðið. Sigþrúður Jónsdóttir stjórnar því verki. Einnig var fylgst með rannsónum erlendra skipa á Íslands miðum.

EFNAFRÆÐI

Á tímabilinu frá apríl til ágúst var að venju kannaður styrkur næringarefna í yfirborðslögum sjávar á fjölda stöðva umhverfis landið. Verulegur hluti þessara athugana var liður í svokölluðum hrygningar- og klakrannsóknunum, sem fara fram sunnanlands og vestan að vorlagi. Pessi liður rannsóknanna beinist að umhverfispáttum, þ. e. tengslum veðurfars, sjávarhita, seltu, strauma og næringarefna, sem væntanlega varpa ljósi á líffræðilega atburðarás og lífsskilyrði í sjónum.

Snemma á árinu var lokið við skýrslu um alþjóðlega samanburðarrannsókn á kvikasilfri í sjó, sem unnin var fyrir Alþjóðahafrannsóknaráðið og Oslo and Paris Commission. Í þessari samanburðarrannsókn skiliðu 32 stofnunarí i 15 löndum niðurstöðum mælinga á kvikasilfri í sjó, sem þeim var sendur héðan. Úrvinnsla á niðurstöðunum veitti mikilvægar upplýsingar um það, hvar helstu skekkjuvaldar við þessar mælingar leynast.

Í janúar var haldið til Bermuda í boði IOC-UNESCO til þátttökum í samanburðarrannsókn, sem beindist að því að kanna hvort sjótakar og skipsbúnaður hafi áhrif á niðurstöður mælinga á snefilmálum í sjó.

Vorið og sumarið 1980 var safnað sýnum af öllum helstu sjógerðum við landið til rannsókna á snefilmálum. Niðurstöður sýndu, að mjög lítið er af kvikasilfri í sjó, um 2 ngl^{-1} , en það er 10–100 sinnum minna en erlendar rannsóknir höfðu áður sýnt hér í norðanverðu Atlantshafi. Það komu einnig fram tengsl milli styrks kadmíum og næringarefnanna fosfats og nitrats líkt og rannsóknir í Kyrrahafi hafa leitt í ljós.

Á árinu lauk athugun á snefilmálum í kræklingi úr Hvalfirði og víðar af suðvesturlandi. Yfirleitt var lítið af þessum efnum í kræklingi og ekki meira en búist var við. Á nokkrum stöðum kom þó fram óeðlilega mikið af kvikasilfri og blíi og var það þá í kræklingi, sem óx í höfnum eða í grennd við þéttbýli, þ. e. Reykjavík og grannbæi. Ætla má, að verulegan hluta þessarar blýmengunar megi rekja til þess, að á þessu svæði berst árlega um 21 tonn af blíi í umhverfið frá útblæstri bensíknúinna bíla og hluti þess berst til sjávar með afrennsli. Miðað við fjölmenn iðnvædd þjóðfélög mætti ætla, að mengun frá íbúum og umstangi, í Reykjavík og grennd, væri ekki mikil. Sýnir þetta því, að mælingar á kræklingi geta gefið næma vísbendingu um mengun.

Haldið var áfram rannsóknum á áhrifum árframburðar á efnafræði sjávar. Var þetta unnið í samvinnu við Orkustofnun og Háskóla Íslands. Einkum var unnið að þessu verkefni með tilraunum á rannsóknastofu, þar sem blandað var sjó eða fersku vatni við mulið berg.

JARÐFRÆÐI

Á árinu var unnið að eftirfarandi jarðfræðiverkefnum:

Kalkleit í Húnaflóa. Gengið var frá ritgerð um kalkþörunga í Húnaflóa og hugsanlega nýtingu þeirra. Ritgerðin birtist í íslenskum landbúnaðarrannsóknunum.

Loðnuhrygning. Lokið var við úrvinnslu gagna frá fyrra ári og niðurstöður teknar saman í ritgerð.

Síldarhrygning. Gengið var frá niðurstöðum þessa verkefnis til birtingar í Fjörliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Set á landgrunninu sunnanlands. Botnsýni voru tekin á nokkrum stöðum við Suðurland í leiðangri B-5-80 í því skyni að fylla upp í eyður í sýnatöku fyrrí ára. Rannsókn sýnanna er hafin.

Úrvinnsla felst í greiningu á kornastærð og samsetningu setsins. Auk þess er unnið við sérstaka greiningu á kalkinnihaldi setsýna.

Setþykktarmælingar. Setþykkt var mæld á nokkrum svæðum árs. Dröfn í febrúar. Endurteknar voru mælingar við Flatey á Skjálfanda og mælt í Skjálfandaflóa og Reyðarfirði. Úrvinnsla lauk að mestu á árinu.

Pingvallavatn. Í júlí var unnið að setþykktar- og botnsjármælingum á Pingvallavatni. Úrvinnsla er hafin.

Mælingar við Suðurland. Í nóvember voru gerðar setþykktarmælingar á landgrunninu sunnanlands, frá Alviðruhörum til Vestmannaeyja.

Rannsóknir á þörungum

PLÖNTUSVIF

Við rannsóknir á gróðurfare og frumframleiðni á hafsvæðinu umhverfis landið var beitt mikið til sömu aðferðum og á undanförnum árum. Rannsóknir á framleiðni plöntusvifsins voru gerðar með staðlaðri geislakolsaðferð (C-14 aðferð), blaðgræna var mæld til að fá upplýsingar um plöntumagnið og sýnum var safnað og þau varðveitt í formalíni til frekari könnunar á plöntusamfélögum og útbreiðslu tegunda. Gegnsæi sjávar og neðansjávarbirta var mæld eins oft og kostur var. Áðurnefnd sýnataka og mælingar fóru fram á skipulögðu stöðvaneti umhverfis landið. Auk þess var síriti um borð í rs. Bjarna Sæmundssyni, sem sýndi breytingar á plöntumagni og gegnsæi á leið skipsins.


Langmest af gögnum um plöntusvif og framleiðni var safnað í fjórum yfirgripsmíklum leiðöngrum. Klak- og hrygningarleiðangur var tvískiptur eins og á fyrra ári og voru nær sömu svæði könnuð. Í fyrrí hluta leiðangurs 21.–29.

apríl var landgrunnið frá Ísafjarðardjúpi suður um að Berufirði rannsakað (66 stöðvar). Í seinni hluta 2.–14. maí var landgrunnsvæðið umhverfis allt landið rannsakað (112 stöðvar). Í vorleiðangri á tímabilinu 23. maí–10. júní (102 stöðvar) voru rannsókuð grunn- og djúpmið umhverfis landið. Í leiðangri, sem farinn var til að rannsaka þorskungviði og fæðu fiska, 8.–18. júlí, var safnað gögnum um framleiðni og plöntusvif á svæði, sem náði frá Ísafjarðardjúpi norður um að Berufirði (32 stöðvar). Í seiðaleiðöngrum 15.–30. ágúst voru svo nokkurn veginn sömu svæði rannsókuð og í vorleiðangri (102 stöðvar). Pá voru farnar tvær stuttar rannsóknar, önnur á svæði umhverfis Surtsey, 29. júlí–1. ágúst og hin í Garðsjó 6.–8. ágúst, þar sem meðal annars voru gerðar ítarlegar rannsóknir á dægursveiflum í frumframleiðni (9 stöðvar). Enn eru ótaldar athuganir, þar sem aðeins var mæld blaðgræna (plöntumagn), og sýnum safnað til könnunar á plöntusamfélögum. Má þar nefna leiðangur, sem farinn var í Suðurdjúp 19.–29 júní (28 stöðvar), og í rækjulrifuleiðangri 5.–12. júní, þar sem rannsakað var á fjörðum Vestfjarða og grunnumiðum utan þeirra (41 stöð). Ennfremur var plöntumagn mælt vikulega á tveim stöðvum á Ísafjarðardjúpi frá mars og fram í nóvember. Skipverjar á ms. Fagranesi söfnuðu sýnum og hafði Guðmundur Skúli Bragason, útibússtjóri, umsjón með þeirri söfnun. Við Grímsey sá Bjarni Magnússon, oddviti, um samskonar gagnasöfnun frá apríl og fram í miðjan ágúst. Framleiðni var alls mæld í 1932 sýnum og blaðgræna í 690 sýnum.

Frumframleiðni á 10 m dýpi í vorleiðangri er sýnd á 6. mynd. Það kemur fram í kaflanum um sjórannsóknir, að óvenju mikill hlýsjór var á hafsvæðinu norðan Íslands í maí–júní og ennfremur, að innstreymi hlýsjávar inn á norðurlandssvæðið var töluvert þegar í febrúar.

Gróðurástandið var allóvenjulegt, jafnvel þótt borið sé saman við þau ár, þegar útbreiðsla hlýsjávarins var mikil (sbr. fyrri ársskýrslur). Á næri öllu hafsvæðinu frá Reykjanesi að Kögri var svo að sjá, að vetrarforði næringarefna væri að mestu ónýttur. Á sunnanverðu svæðinu höfðu þó svifþörungarnir greinilega tekið við sér og rétt aðeins var farið að ganga á næringarefnafordann í yfirborðslögum. Á norðurhluta svæðisins var hins vegar varla merkjánleg plöntustarfsemi. Próun gróðurs var því allfrábrugðin því sem gerist í meðalári, þegar aðalgróðursvæðið á þessum tíma er á nokkuð breiðu belti yfir landgrunnu en lítið farið að lifna í sjónum utar.

Fyrir norðan voru einnig óvenjumikil næringarefní í yfirborðslögum miðað við árstíma og hafa þau vart verið meiri síðan reglulegar mælingar hófust. Fyrr á árinu eða 10.–12. maí var framleiðni mæld á grunnlóðum norðanlands og var þá töluverð framleiðni innfjarða og á stöðvum alveg upp við landið en utar var framleiðni og plöntumagn í lágmarki. Lítið plöntumagn nálægt miðjum maí og mikill forði næringarefna undir lok mánaðarins bendir



6. mynd. Framleiðni svifþörunga á 10m dýpi í vorleiðangri (mg kolefni í rúmmetra á klst.).

til, að gróðurinn á þessu svæði hafi verið á sínu fyrsta vaxtarskeiði og eigi eftir að ná hámarki. Vorhámark virðist því óvenju seint á ferðinni og má ætla, að mikil útbreiðsla hlýsjávar á svæðinu snemma um vorið hafi átt sinn þátt í því. Rannsóknir að vorlagi undanfarin ár hafa sýnt, að hitaskiptalag myndast mun seinna í hlýsjónum vestur af landinu en í svalsjónum, sem oft ræður ríkjum fyrir norðan land snemma vors. Seinkun á myndun hitaskiptalags í sjónum norður af landinu hefur því líklega valdið því, hve seint áraði þar.

Í tungu af hlýsjó sem teygði sig meðfram norðausturhorni landsins var gróðurástand svipað því, sem það var fyrir norðan. Í Austur-Íslands straumnum var ástandið hinsvegar allfrábrugðið. Þar var framleiðni lág, þrátt fyrir ákjósanleg skilyrði, þ. e. næg næringarefni oglagskiptan sjó. Vera má, að átan sem þarna var víða í álitlegu magni, haldi þörungunum niðri.

Endurteknar rannsóknir frá apríl og fram í júní í hlýsjónum fyrir sunnan land gefa til kynna, að gróðuraukning hafi orðið þar allsnemma, en framvindan síðan nokkuð ójöfn. Í síðustu viku apríl var komið töluvert plöntumagn á landgrunnu vestan Vestmannaeyja og út af Stokksnesi. Í maíþyrjun var svo afturkippur kominn í vöxtinn á vestari hluta svæðisins og út af Stokksnesi en mikil um að vera miðsvæðis. Upp úr 20. maí var aftur komið skrið á fjölgun

þörunganna á vestari hluta svæðisins (sbr. 6. mynd). Á eystri hluta svæðisins var ekki rannsakað aftur fyrr en um 10. júní og þá var sýnilega mikil lægð í plöntuvextinum, enda mjög gengið á næringarefnafordann. Það sama átti við um Selvogsbanka þann 10. júní (lok vorleidangurs).

Pessa misjöfnu þróun innan hafsvæðisins sunnan landsins má hugsanlega rekja til áhrifa breytilegra vinda og að nokkru til mismikillar beitar. Miðað við það 5 ára tímabil, sem sambærilegar vorathuganir, (klak- og hrygningarrannsóknir), hafa verið gerðar sunnanlands, virðist tímasetning gróðurkomu og framvinda svipa einna helst til þess, sem gerðist 1976.

BOTNPÖRUNGAR

Árið 1980 voru botnpörungar rannsakaðir á Breiðafirði og auk þess var landnám botnpörunga í Surtsey rannsakað á árinu, en þær rannsóknir fara nú fram á þriggja ára fresti. Rannsóknirnar í Breiðafirði beindust einkum að líffræði hrossaþarans (*Laminaria digitata*) og endurvexti klóþangs (*Ascophyllum nodosum*) og sölva (*Palmaria palmata*) eftir skurð.

Hrossaþararannsóknirnar fóru fram við Skarð á Skarðströnd, þar sem aldursdreifing og vöxtur hrossaþarans var kannaður. Þetta svæði er við ystu mörk útbreiðslu hrossaþarans í firðinum. Sambærilegar athuganir voru gerðar 1979 við Fagurey, sem er innarlega á útbreiðslusvæðinu. Til þessara rannsókna lánaði Pörungavinnslan hf. bát og lét í té aðstöðu til mælinga í landi.

Endurvöxtur klóþangs er nú athugaður reglulega á þremur stöðum í firðinum, við Barma á Reykjanesi, þar sem slegið var með þangsláttupramma 1976, við Brokey í Hvammsfirði, þar sem slegið var 1978 og við Fossá á Hjarðarnesi, þar sem slegið var í ár. Mælingar eru gerðar á afmörkuðum reitum og myndir teknar af merktum plöntum, sem hafa verið skornar 15 og 25 cm frá festu.

Árið 1978 var útbreiðsla sölva við Tjaldnes í Saurbæ kortlögð. Þar voru söl síðan hreinsuð af 25 m² reit haustið 1979 og uppskera mæld á honum þrisvar sinnum árið 1980. Skýrsla hefur verið samin um þessar athuganir.

Í samvinnu við Sigurð Jónsson, Aðalstein Sigurðsson og Erling Hauksson var landnám botnlífvera við Surtsey athugað. Gagnasöfnun fór fram 28. júlí til 1. ágúst. Hafrannsóknastofnunin lánaði skip til gagnasöfnunarinnar og Vísindasjóður styrkti rannsóknirnar.

Rannsóknir á svif- og botndýrum

DÝRASVIF

Á árinu 1980 var safnað dýrasvifi í 5 leiðöngrum, aðallega frá miðum apríl og út júní. Að venju fór söfnunin að mestu fram á landgrunninu og landgrunnsköntum, en einnig var safnað sýnum úr Grænlandshafi og frá djúplöð milli Færeyja og Íslands. Einnig var safnað rækjulurfum í og utan fjarða vestanlands eins og fyrri ár.

Mikil breyting varð á útbreiðslu, magni og tegundasamsetningu dýrasvifs hér við land frá árinu 1979, sem var óvenju kalt og hið lakasta síðan 1976. Árið 1980 var hins vegar mjög hlýtt, sem einna best kom fram í hinni miklu útbreiðslu hlýsævar hér við land þegar vorið 1980, eins og fyrr hefur verið greint. Þessar hagstæðu aðstæður ollu m. a. því, að hrygning rauðátu hófst snemma vors, og vorkynslóðin var komin betur á legg en á svipuðum tíma undanfarin ár. Vegna þessarar miklu útbreiðslu hlýsævar, var og áberandi, hve lítið gætti dýra af norðlægum uppruna á landgrunninu norðan- og austanlands, en til samanburðar má geta þess, að árið 1979 gætti pólsævarátu mjög norðanlands, m. a. inn allan Eyjafjörð. Af sömu ástæðu varð meira vart við dýr af suðrænum uppruna en oftast áður, aðallega möttuldýr (*Salpa fusiformis*), sem var mjög áberandi hér sumurin 1957 og 1964 og ánetjuðust þá talsvert í veiðarfæri mönnum til trafala. Þótt útbreiðsla hlýsjávartegunda væri þannig mjög viðfeðm, var átumagn í hlýsjónum undir meðallagi framan af ári, en óx mjög, er á leið. Kaldi sjóinn norðaustur og norður af landinu var hins vegar áturíkur strax um vorið, en dýrasvifs úr honum gætti óvenjulítið á landgrunninu, jafnvel norðanlands, þar sem hlýsýr ríkti svo mjög eins og áður er nefnt.

Auk fyrrgreindrar söfnunar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sjálfrar, hefur verið haldið áfram söfnun dýrasvifs í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina í Plymouth (Institute for Marine Environmental Research), og hefur sú söfnun farið fram á skipum Eimskipafélags Íslands á leiðunum Reykjavík-New York og Reykjavík-Skotland.

RÆKJA

Í 7 leiðöngrum rs. Drafnar fóru fram rækjuathuganir eingöngu, svo sem kannanir á þekktum slóðum, rækjulurfannsóknir og rækjuleit. Að venju voru rækjusvæði á grunnslöð könnuð fyrir vertíð og þá jafnframt með tilliti til seiðagengdar á þessum slóðum. Í Arnarfirði reyndist mjög mikil af þorskseiðum á fyrsta ári og varð að fresta vertíð um hríð af þessum sökum.

Árs. Dröfn var komið við á eftirtoldum rækjusvæðum til ýmissa athugana á rækju: Eldey þrisvar, Breiðafirði og Kolluál fjórum sinnum, Patreksfjarðarfloá fjórum sinnum, Arnarfirði 5 sinnum, Ísafjarðardjúpi 5 sinnum, Húnaflóa fjórum sinnum, Öxarfirði fjórum sinnum, Skagafirði, Reyðarfirði og Berufirði tvisvar þrisvar, Seyðisfirði einu sinni. Rannsóknaskip kom og á allar djúpslóðir að minnsta kosti einu sinni á árinu og á sumar oftar.

Aflabrogð eftir svæðum verða ekki tíunduð hér í smáatriðum en getið helstu breytinga. Ræjuafli við Ísland hefur aldrei verið meiri en árið 1980 eða um 9.500 lestir. Árið áður var heildaraflinn 8.606 lestir og er aukningin nær öll til komin af djúpmiðum, en aflí af þeim er nú orðinn um 34% af heildarafla. Á Eldeyjarmiðum, þar sem rækjuveiðar lágu niðri í þrjú ár virðast veiðar nú komnar í eðlilegt horf og var þar í ár tekið svipað magn af rækju og í fyrra eða um hálf sjötta hundrað tonn. Veiðar voru nú hafnar á Breiðafirði á ný eftir að hafa legið niðri vegna aflaleysis og fiskigengdar síðan 1976. Gengu veiðar þar treglega og voru tekin um 75 tonn af svæðinu. Veiðar í Arnarfirði, Djúpi og Húnaflóa hafa verið með svipuðu sniði og gengið vel.

Enn er aflaleysi í Öxarfirði og hefur aflí tregast enn meir frá árinu 1979. Adeins tókst að skrapa upp 230 lestir af svæðinu árið 1980. Um haustið voru veiðarnar látnar Kópaskersmönnum einum eftir samkvæmt ráðuneytisúrskurði.

Í Berufirði hafa verið stundaðar óverulegar rækjuveiðar (40–50 tonn á ári) um árabil og var ástand þar svipað þetta ár.

Eins og nefnt er að ofan stórkjóst afli á djúpslóð. Stafar það einkum af nýjum veiðisvæðum fyrir Norðurlandi svo og stóraukinni sókn. Nú tóku um 63 skip og bátar þátt í þessum veiðum, en voru 37 árið 1979. Á Dohrnbankasvæðinu jókst afli talsvert með aukinni sókn, en aflí á togtíma fél um mjög frá árinu 1979, úr 226 í 107 kg/klst. Á öðrum djúpsvæðum stóð afli á togtíma nokkurn veginn í stað.

Rannsóknnum á magni og útbreiðslu rækjulirfa var haldið áfram 6. árið í röð og hefur umfang þeirra athugana verið aukið verulega hin tvö síðustu ár.

Flokkunarvélar hafa alfarið verið bannaðar við rækjuveiðar, en í samvinnu við veiðarfæradeild voru hafnar tilraunir með meiri slaka í hliðarbyrðum rækjuvarpana, sem hugsanlega getur komið í stað flokkunarvéla að einhverju leyti.

Að djúpslóð sleppti voru aflakvótar settir á öll veiðisvæði samkvæmt útreikningum og mati á gögnum frá hverju svæði. Slíkur útreikningur var eins og áður byggður á viðamíklum gögnum, og munu alls um 140 þúsund rækjur hafa verið mældar og rannsakaðar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á árinu auk þess sem unnið var úr öllum veiðiskýrslum rækjuskipa.

Rækjuleit

Rækjuleit á djúpslóð var nokkuð minni í ár en verið hefur undanfarin ár, enda var nú ekkert sérstakt skip fengið í slíka leit. Skýtur þar nokkuð skökku við, þar sem aldrei hafa fleiri skip sött á djúpmið og metafli af þessari slóð. Par kemur á móti, að rækjuskipstjórarnir virðast hafa verið óvanalega framtakssamir að leita út frá sér að nýjum miðum, enda sjálfsgagt jaðrað við örtröð á sumum þekktum slóðum. Afleiðing þessa varð sú, að mörg þekkt mið voru „víkkuð út“ að verulegu leyti svo sem Norðurkantsmið og Sporðagrúnnsmið.

Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar voru farnir 5 leiðangrar til rækjuleitar á djúpslóð. Tími helgaður rækjuleit var þó mjög mismikill í þessum leiðöngrum, en þeir eru þrátt fyrir það liður í þeirri viðleitni að kanna sem flest svæði út frá landinu.

Í maímannuði var togað fyrir rækju á nokkrum stöðum í vorleiðangri rs. Bjarna Sæmundssonar svo sem á Stredebanksvæðinu, á Barðagrunni og Deildargrunni.

Í júlí voru djúpmið norðanlands könnuð árs. Dröfn og leitað út frá þekktum rækjusvæðum víða á kaflanum frá Kolbeinsey allt vestur á 27° V. Í byrjun október voru rækjumiðin á Dohrnbanka og Stredebanka könnuð og leitað árs. Hafþór út frá þessum svæðum. Skipið hafði og leyfi til leitar í grænlenskri landhelgi og reyndi nokkuð fyrir sér vestan línu á Stredebanka.

Seinni hluta október fékk rækjutogarinn Dalborg leyfi til að leita að rækju vestan miðlinu milli Íslands og Grænlands undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar. Pegar til kom hamlaði ísví, að farið væri að ráði vestur fyrir línu og togaði skipið að mestu á þekktri slóð við miðlinuna.

Eins og venja hefur verið, þegar rs. Dröfn er við rækjuleit á grunnslóðamiðum, var víða togað fyrir rækju utan hefðbundinna rækjusvæða í fjörðum og flóum eftir því sem tækifæri gáfust. Pessi viðleitni verður ekki tíunduð hér í smáatriðum.

HUMAR

Farnir voru tveir humarleiðangrar á árinu, hinn fyrri fyrir og í upphafi humarvertíðar í maí og sá síðari um miðbik vertíðar í júní–júlí. Þá var safnað humargögnum á vegum útibúsins á Hornafirði. Voru alls rannsakaðir um 22.000 humrar á árinu.

Gert hafði verið ráð fyrir auknum aflabrogðum 1980 svo framarlega sem sjávarsíkilyrði yrðu hagstæð, enda bendir allt til þess, að nýliðun í humri hafi verið góð bæði suðaustan- og suðvestanlands undanfarin ár (árgangar áætlaðir frá árabilinu 1969–1973). Pessar áætlanir stóðust og varð meðalafli á tog-

tíma 45.5 kg 1980 á móti 33.6 kg 1979 og er þetta langbesti aflí á sóknareiningu síðan 1971. Heildaraflinn á humarvertíðinni varð rúmlega 2.400 tonn, en veiðar voru stöðvaðar í lok júlí, þá er leyfilegum hámarksafla 2.500 tonnum var um það bil náð.

Enda þótt rekja megi góð aflabréðð á árinu 1980 til hagstæðrar endurnýjunar humarstofnsins verður ekki farið í launkofa með það, að allar aðstæður til humarveiða bæði sjávarskilyrði og gæftir voru einkar hagstæð á árinu, en þessir þættir skipta oft sköpum við þessar veiðar. Samkvæmt mati á ástandi stofnsins leggur Hafrannsóknastofnunin því til nokkra aukningu á hámarksafla humars 1981 eða úr 2.500 tonnum í 2.700 tonn. Vafasamt er þó talið að gera ráð fyrir jafnmiklum afla á sóknareiningu og 1980, nema því aðeins að árferði til sjávarins verði mjög hagstætt 1981.


HÖRPUDISKUR

Farnir voru tveir leiðangrar gagngert til hörpudisksrannsókna á árinu, auk þess sem hörpudiskur var rannsakaður í hluta af nokkrum öðrum leiðöngrum stofnunarinnar. Alls voru rannsakaðir um 17.000 hörpudiskar á árinu.

Í mars – apríl fundust hörpudisksmið í Skagafirði í leiðangri á rs. Dröfn. Enda þótt magn væri minna en víða á þekktum miðum annars staðar, fengust þó allt að 385 kg í 30 mín. tog. Í ágúst var ástand miða kannað í Breiðafirði á rs. Dröfn. Aflí var yfirleitt mjög mikill eða allt að 630 kg/8mín. og að jafnaði í 102 togum víðs vegar um fjörðinn 315 kg/15 mín. Í ljósi þessa var leyfilegur hámarksafli aukinn úr 6.000 í 7.000 tonn á árinu.

Eins og að líkum lætur gengu hörpudisksveiðar mjög vel í Breiðafirði á sl. ári og varð aflinn u. þ. b. 7.150 tonn á móti 6.055 tonnum 1979. Þá jókst meðalafli á veiðistund sömuleiðis úr 890 kg 1979 í 920 kg 1980, en meðalafli á sóknareiningu hefur aukist jafnt og þétt, allt frá 1976. Heildarveiði hörpudisks á landinu varð um 9.000 tonn á árinu á móti 7.800 tonnum 1979.

Vegna hagstæðrar þróunar í veiðunum í Breiðafirði hefur Hafrannsóknastofnun lagt til aukningu á hámarksafla hörpudisks á svæðinu úr 7.000 tonnum 1980 í 8.000 tonn 1981. Enda þótt ekki sé gert ráð fyrir mikilli aukningu í veiðum á öðrum svæðum, er líklegt, að heildaraflí hörpudisks fari yfir 10.000 tonn á árinu 1981.



7. mynd.

FISKRANNSÓKNIR

EGG OG LIRFUR

Engin athugun var sérstaklega gerð á hrygningu loðnu á árinu.

Gögnum um hrygningu var safnað í þremur leiðöngrum eins og undanfarin ár frá 21. – 30. apríl við V- og S-land og frá 2. – 15. maí og 23. maí til 11. júní allt umhverfis landið.



Útbreiðsla þorsk- og ýsuhragna úr þessum leiðöngrum er sýnd á 7. – 9. mynd.

Meginhrygning þorsks og ýsu virðist hafa verið frekar seint.

Hrygningin fyrir norðan og vestan land er svipuð og undanfarin ár í maí, en ekki varð vart neinnar hrygningar þar seint í júní eins og í fyrra.

FISKSEIÐI

Hin árlega könnun á fjölda og útbreiðslu fiskseiða við Ísland, Austur-Grænland og í Grænlandshafi var gerð á rannsóknaskipunum Árna Friðriks-syni og Bjarna Sæmundssyni á tímabilinu 6. – 31. ágúst 1980. Eins og verið hefur beindust athuganir einkum að seiðum þorsks, ýsu, loðnu og karfa, enda



þótt upplýsingar fengjast um ýmsar aðrar tegundir. Má þar einkum nefna sandsíli, sem oft er mikil af við landið og hafa eldri gögn verið endurskoðuð með tilliti til samanburðar milli ára.

Skyrsla um ofangreindar athuganir var lögð fram á ársfundi Alþjóðahaf-rannsóknaráðsins og birtist í Ægi í ársbyrjun 1981.

Að vanda var mest um þorskseiði á grunnslóð út af Norðurlandi. Tiltölu-lega lítið var um þau vestanlands og út af Vestfjörðum og lítið hafði rekið vestur yfir djúpið í átt til Grænlands. Nokkuð var af þorskseiðum austan-lands, enda gætti þar verulegra atlantískra áhrifa.

Meðallengd þorskseiðanna er frá 42.3 mm vestanlands upp í 54.4 mm á Austfjarðasvæðinu, sem er eðlilegt miðað við árstíma.

Heildarfjöldi þorskseiða (557.1×10^6) og stærð þeirra er nálægt meðaltali seinustu 11 ára.

Enda þótt víða yrði vart við ýsuseiði, fengust flest þeirra út af Vestfjörðum og Norðurlandi. Lengdardreifing ýsuseiða bendir til þess, að hrygningarástofninn hafi verið tvískiptur. Meðallengd á þeim tveim svæðum, þar sem mest var um seiði, var 56.9 og 48.7 mm, sem er innan þeirra marka, sem eðlileg geta talist miðað við árstíma.

Heildarfjöldi ýsuseiða var 63.8×10^6 , sem er svipað og fengist hefur flest undanfarin ár að meðaltali. Argangurinn virðist því vera nálægt meðallagi, en hins vegar hvergi í námunda við metárgangana frá 1976 og 1978.

Í ár fundust loðnuseiði allt norður á 69° N, sem er óvenjulegt, en endur-speglar hin ákveðnu atlantísku áhrif á hafsvæðinu út af Norðurlandi. Í heild var dreifing seiðanna svipað og í fyrra, en gerólik því sem var 1978, þegar meirihlutinn hélt sig á mjög takmörkuðu svæði út af vestanverðu Norður-landi.

Greinilegt er að tvær aðalhrygningargöngur hafa verið á ferðinni að þessu sinni. Seiðin frá fyrra hrygningunni (>45 mm) voru aðallega á djúpslóð út af Vestfjörðum og Norðurlandi og á Dohrnbankasvæðinu. Smærri seiði frá síð-búnari hrygningu fundust á allstóru svæði á djúpmiðum vestanlands og á grunnslóð út af Vestfjörðum og Norðurlandi.

Í samanburði við hina stóru árganga loðnuseiða frá árabilinu 1972–75 er heildarfjöldinn líttill og svipaður því sem oftast hefur verið síðan. Ástandið er þó miklu mun betra en 1978 (31×10^6 og mjög takmörkuð útbreiðsla) og með tilliti til góðs ásigkomulags seiðanna ætti því að mega reikna með þokkalegum árgangi.

Mest af karfaseiðunum fékkst að þessu sinni yfir austurgrænlenska land-grunnninu og á Dohrnbankasvæðinu. Gagnstætt því sem venjan hefur verið flest undanfarin ár var svo til ekkert af karfaseiðum miðsvæðis í Grænlands-hafi.

Meðalfjöldi karfaseiða var 3.0×10^6 á fersjómílu og hefur aðeins einu sinni (1979) mælst minni árgangur frá því athuganir hófust árið 1970. Hin afar lága tala árið 1979 er að einhverju leyti talin stafa af því, að þá var farið seinna af stað en venjulega og hluti seiðanna hefði þegar leitað botns.

Í heild var nokkru meira af karfaseiðum á Grænlandshafs- Austur-Grænlandssvæðinu en á fyrra ári og óvenjumikið af þeim á hluta norðuríslenska svæðisins.

Meðallengd karfaseiðanna var óvenju jöfn. Pannig var mesti munur milli svæða miklu minni en 1979 og seiðin raunar yfirleitt smærri en á s. l. ári. Ástaðan fyrir stærðarmuninum liggur vafalaust fyrst og fremst í því, að farið var miklu fyrr í ár á aðalkarfavæðin við Austur-Grænland og á Dohrnbanka en 1979. Undantekning voru þau karfaseiði, sem rekið hafði inn á íslenska svæðið. Pau voru óvenju stór og eflaust flest frá fyrstu hrygningu.

Eins og venjulega var gerður samanburður á aflabréögum að nótta og degi til. Á árunum 1976–78 var þetta hlutfall um 3/1 (nótt/dagur) en nokkru lægra í fyrra. Nú brá svo við að litlu máli skipti á hvaða tíma sólarhrings var togað.

Tegundagreiningu karfaseiða, sem hafist var handa um 1979, var haldið áfram með sömu aðferðum.

Jafnan hefur fengist talsvert en mismikið af sandsíli en á nokkuð mismunandi svæðum frá ári til árs. Sandsílisgögn hafa nú verið tekin til frekari úrvinnslu (Eyjólfur Friðgeirsson 1980), þannig að gera má nánari samanburð við fyrri athuganir en hingað til hefur verið hægt.

Mest var af sandsíli við Suðvestur- og Vesturland og út af vestanverðu Norðurlandi. Út af austanverðu Norðurlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi var hins vegar næstum ekkert.

Heildarfjöldinn, 5.110×10^6 , er talsvert minni en meðaltal áranna 1970–79 (9.648×10^6) og árgangurinn er talinn í löku meðallagi.

Lítið eitt fékkst af kolmunna á ýmsum stöðum við Austur-Grænland og einnig SV- og V-lands. Lengdardreifing var 70–91 mm.

Í ár var furðulítið um spærling á Faxaflóa-Breiðafjarðarsvæðinu og hann var mun smærri en s. l. ár ($27.6 \text{ mm}/36.5 \text{ mm}$). Lengdardreifing var 24–41 mm.

Meira var um lýsuseiði en í fyrra, mest við Snæfellsnes. Lengdardreifingin var 36–67 mm og meðallengdin 42.5 mm.

Steinbítur fékkst einkum út af Austfjörðum en hans varð einnig vart við A-Grænland, Hvarf (23 mm) og út af Angmagsalik (75 mm).

Óvenjumikið var af blálönguseiðum og voru þau útbreiddari en áður. Mest fékkst af þeim á A-Grænlandssvæðinu en einnig nokkuð í Grænlands-hafi og á Dohrnbanka. Mestur afli var 23 stk. á togstöð. Lengdardreifing

36–88 mm. Við Ísland fengust mest 10 blálöngur í togí við SA-land, meðallengd 40.8 mm.

Langa fékkst við Snæfellsnes, SV- og SA-lands, lengdardreifing 22–54 mm.

Keila veiddist á Dohrnbankasvæðinu, við A-Grænland og á Eyjafirði. Lengdardreifing var 23–53 mm.

Í leiðangri með rs. Bjarna Sæmundssyni seint í apríl var gerð tilraun til að ala upp seiði, sem tekin voru úr gjótandi hrygnum hinna ýmsu karfategunda. Tókst yfirleitt að halda þeim lifandi í 4–7 en mest 10 daga.

FISKUNGVIÐI

Rannsóknar á þorskungviði var sinnt í þremur rannsóknaleiðöngrum á árinu, í mars, júlí og nóvember. Rannsóknir þessar beinast einkum að lifnaðarháttum 0–4 ára þorsks á uppeldisstöðvum hans fyrir norðan land og austan. Talsverðra gagna hefur ennþremur verið aflað um aðrar fisktegundir svo sem ýsu, karfa og steinbít.

Þessar rannsóknir hafa verið stundaðar síðan 1976 eða í 5 ár. Rannsóknaleiðangrar hafa verið 2–4 á ári, alls 15. Leiðangrar þessir hafa staðið í 300 daga samanlagt og togað hefur verið á 1173 stöðvum. Þegar verkefni þessu var hleypt af stokkunum, var ráðgert að sinna því með u. þ. b. 3 leiðöngrum á ári í 4–5 ár, en síðan með einum leiðangri á ári. Að loknum þessum 5 árum þykir sýnt, að rannsóknirnar hafi skilað þeim árangri, sem vænta mátti og því sé eðlilegt að láta þessu grundvallarverkefni lokið. Í stað þess komi eins konar framhaldsverkefni með sama sniði, en verði aðeins sinnt með einum leiðangri á ári. Petta framhaldsverkefni hefur verið neft „Nýliðun þorskstofnsins“, og er með því lögð áhersla á það meginmarkmið verkefnisins að afla upplýsinga um árgangastyrk þorskungviðis og styrkja þannig grundvöll stofnstærðar- og aflaspáa.

Þær niðurstöður, sem nú liggja fyrir um nýliðun þorsks á grundvelli fyrrgreinds verkefnis, eru á þá lund, að árgangur 1976 sé mjög sterkur, en árgangur 1977 sé um eða yfir meðallagi.

FÆÐA FISKA

Gögnum til rannsókna á fæðu fiska var safnað í þorskungviðisleiðöngrum í mars, júlí og nóvember. Gagnasöfnunin beindist einkum að 5 botnlægum fisktegundum, þ. e. þorski, ýsu, karfa, steinbít og skrápflúru. Ráðgert er að kynna niðurstöður á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins haustið 1981, þar sem fjallað verður um þetta efni. Á síðustu árum hefur athygli sjávarlíffræði

inga beinst í vaxandi mæli að þeim áhrifum, sem ýmsir nytjastofnar verða fyrir af völdum fæðutengsla við aðrar lífverur hafssins. Talið er auðsýnt, að stærð ýmissa nytjastofna, svo sem loðnustofnsins, sé mjög háð svonefndu afráni, þ. e. hversu mikil aðrir fiskar éta af þeim. Með aukinni þekkingu á þessum þáttum er að því stefnt að taka tillit til þessa afráns í stofnstærðarútreikningum.

SÍLD

Leiðangrar

Fyrsti síldarrannsóknarleiðangurinn 1980 var farinn á rs. Árna Friðriksyni 4.–10. janúar. Aðaltilgangur leiðangursins var að kanna síldina á veturnsetustöðvunum og reyna að endurtaka bergmálsmælingar frá því í desember árið 1979. Í ljós kom að síldin var enn á Lónsbug en yfirleitt á svo grunnu vatni, (innan við 15 metra dýpi) að ekki reyndist unnt að endurtaka mælingarnar. Tíminn var því notaður til að gera ýmsar athuganir á hegðun síldarinnar. Það skal tekið fram, að síldin var þarna í mjög köldum sjó og var sjávarhití á síldarsvæðinu yfirleitt ekki nema 0.5° – 1.5° .

Farið var í þrjá leiðangra á árinu 1980 til þess að kanna möguleika á því að mæla smásíldarmagn á fjörðum inni með bergmálsaðferð. Þessir leiðangrar voru farnir í febrúar, september og nóvember. Petta er í fyrsta skipti sem slíkar mælingar eru reyndar og er mikilvægt að finna á hvaða árstíma helst muni vænlegt að mæla smásíldarmagnið með þessari aðferð. Eftir reynslu þessa fyrsta árs að dæma er líklegast að þetta megi takast í nóvember. Talsvert fannst í nóvember-leiðangrinum af smásíld á Eyjafirði og tókust mælingar þar vel, sömuleiðis fannst verulegt magn á Breiðafirði og tókst mæling þar einnig vel. Þá var farinn fimmtí síldarrannsóknaleiðangurinn dagana 5.–16. desember. Aðaltilgangur þessa leiðangurs var að mæla stofnstærð sumargots-síldar með bergmálsaðferð. Á undanförnum árum hafa þessar mælingar verið gerðar á veturnsetustöðvum síldarinnar ýmist í Meðallandsbug eða á svæðinu frá Ingólfshöfða að Hrollaugseyjum og nú síðast 1979 í Lónsbug. Árið 1980 var enga síld að finna á fyrrnefndum veturnsetustöðvum. Í þess stað virtist síldin halda sig á Austfjörðum og varð vart við nokkra síld í öllum fjörðum frá Seyðisfirði til Berufjarðar. Einkum varð síldar þó vart á Mjóafirði, Reyðarfirði, Stöðvarfirði og Berufirði. Verður ekki annað séð en síldin hafi algerlega breytt um veturnsetustöðvar og verður fróðlegt að sjá á hausti komanda (1981), hvort hún heldur sig aftur á Austfjörðum eins og var árið 1980. Niðurstöður þessara mælinga gáfu til kynna, að hinn kynþroska hluti stofnsins hefði nokkuð minnkað frá árinu áður eins og nánar er rakið í skýrslu nytjastofna (Haf-rannsóknir 22. hefti).

Aldurs- og lengdardreifing síldaraflans haustið 1980.

Aldursdreifing síldaraflans árið 1980 eftir veiðarfærum, er sýnd í 1. töflu. Rétt er að geta þess, að aldursdreifing lagnetaveiðarinnar er hér sýnd í fyrsta skipti. Taflan sýnir að árgangarnir frá 1974 og 1975 hafa verið uppistaða aflans í öll veiðarfæri. Enda þótt lítill munur sé á aldursdreifingunni í hin ýmsu veiðarfæri kemur fram, að stóri árgangurinn frá 1971, þ. e. 9 ára síld, skilar sér betur í lagnetaflanum en í rekneta- og hringnótafla. Þá má geta þess, að þriggja ára síld er um 10% hringnótaflans. Þessi síld veiddist einkum í nóvember eftir að veiðum í reknet og lagnet var lokið. Af þeim 4.416 síldum, sem rannsakaðar voru, reyndust aðeins 14 vera íslensk vorgotssíld en hitt íslensk sumargotssíld. Vorgotssíldin er þannig einungis 0.3% af þeim síldum, sem rannsakaðar voru. Lengdardreifing síldarinnar er sýnd í 2. töflu. Þar kemur greinilega fram, að í hringnótaflanum varð vart við dálítio af millisíld og smásíld, sem ekki varð vart við í lagnet og reknet.

Göngur síldarinnar 1980.

Eins og á undanförnum árum gekk íslenska sumargotssíldin norður á bóginn bæði fyrir austan land og vestan strax að hrygningu lokinni í júlí og ágúst. Síldin virtist fara með löndum og halda sig mest rétt við fjöruborð. Þó skal þess getið, að síldar varð vart við Norðurland allt út undir Grímsey. Síldin

TAFLA 1.

Aldursdreifing sumargotssíldar haustið 1980 í %.

Aldur	Lagnet	Reknet	Hringnót	Öll veiðarfæri
2			2	1
3	1	1	10	7
4	10	11	10	10
5	24	33	27	29
6	28	34	30	31
7	13	5	6	6
8	7	5	4	5
9	15	9	9	9
10	1	1	1	1
+	1	1	1	1
Fjöldi	835	1.262	2.305	4.416 ¹⁾
Meðalaldur	6,4	6,1	5,7	6,0

¹⁾ Það er 14 vorgotssíldar.

TAFLA 2.
Lengdardreifing sumargotssildar haustið 1980 í %.

cm	Lagnet	Reknet	Hringnót	Öll veiðarfæri
20	—	—	1	1
21	—	—	2	1
22	—	—	2	1
23	—	—	2	1
24	—	—	1	1
25	—	—	1	1
26	—	—	2	1
27	—	1	2	1
28	4	2	2	2
29	11	6	7	7
30	13	19	16	17
31	13	21	17	18
32	14	18	16	16
33	11	10	8	9
34	9	7	7	7
35	14	9	7	8
36	10	5	5	5
37	1	2	2	2
Fjöldi	837	1.266	2.314	4.417
Meðallengd	32.2	32.1	30.9	31.4

virtist halda sig í fjörðum norðanlands að minnsta kosti fram í október og jafnvel langt fram á vetur. Enginn vafi er þó á því, að meginhluti síldarstofnsins gekk inn á Austfirði, þegar líða tók á haustið, og hélt sig þar fram yfir áramót. Þess skal getið, að meginhluti síldaraflans (um 54 þús. tonn) fengust á Austfjörðum haustið 1980 og þetta sennilega meiri síldaraflí en nokkrum sinni hefur áður veiðst á þeim slóðum.

Eins og kunnugt er, hófust síldveiðar hér við land á síðari hluta 19. aldar. Það voru Norðmenn, sem hófu þessar veiðar, og byggðust þær á fjarðarsíld ýmist á Austfjörðum eða í Eyjafirði. Aðalveiðarfærið var landnót en augljóst er, að góð veiði hefði fengist í slíkt veiðarfæri á s.l. hausti. Eitt einkenni síldveiðanna í Austfjörðum á síðustu öld var, að síldin kom venjulega nokkur ár í röð 3-5 ár en hvarf svo síðan um árabil. Verður því mjög fróðlegt að fylgjast með því á næstu árum, hvort hegðun síldarinnar og göngur á fjörðum Austanlands verður með svipuðum hætti og fyrir 100 árum.

LOÐNA

Pann 7. janúar hófust loðnuleit og bergmálmælingar á stærð loðnustofnsins. Langt fram eftir mánuðinum var mikill ís á Vestfjarðamiðum og í Grænlundssundi, en engin loðna á venjulegum slóðum út af NA- og A-landi.

Í þriðju viku janúar stóð svo til óslitin NA-átt og hrakti þá ísinn vestur á bóginn. Gerði síðan gott veður og var loðnusvæðið íslaust með öllu dagana 25.-28. janúar. Vegna undangenginnar leitar rannsóknar- og veiðiskipa var nákvæmlega vitað, hvar loðnan hélt sig og hægt að ljúka mælingu á stærð hrygningarstofnsins á ofangreindu tímabili við ákjósanleg skilyrði.

Niðurstöður voru í góðu samræmi við stofnstærðarmælingar, sem fram fóru seinni hluta októbermánaðar árið áður og sýndu 695 þús. tonn af hrygningarloðnu. Á grundvelli þessarar vitneskju var lagt til við stjórnvöld, að loðnuaflí frá áramótum yrði takmarkaður við 300 þús. tonn og 400 þús. tonn skilin eftir til hrygningar. Alls varð loðnuaflinn frá áramótum til vertíðarloka 392 þús. tonn.

Af ýmsum ástæðum var ekki lögð veruleg áhersla á að fylgjast með göngum hrygningarloðnunnar suður fyrir land. Hluti stofnsins hélt austur með Norðurlandi og fór að þessu sinni grunnt fyrir Melrakkasléttu og Langanes. Seinast veiddist úr þessari göngu skammt sunnan Langeness og af aflabréögðum að dæma hafði þá mjög saxast á hana. Nokkru eftir að veiðum lauk á Langenessvæðinu var Austfjarðasvæðið kannað en án árangurs. Hins vegar fannst lítilsháttar af loðnu við SA-ströndina. Sýni fengust og leiddu þau í ljós, að þetta var ekki Langanesloðnan heldur var þar komin loðna, sem haustið 1979 og fram á veturinn hafði haldið sig á Austfjarðamiðum. Um afdrif Langanesgöngunnar er hins vegar ekki vitað með vissu.

Meirihluti hrygningarstofnsins gekk af Norðurmíðum vestur fyrir land til hrygningar við suður- og vesturströndina. Þetta urðu margar smáar göngur og veiddust úr þeim um 90 þús. tonn á svæðinu frá Jökli að Eyjum.

TAFLA 3.
Aldursskipting og meðallengd (cm) og þyngd (g) aldursflokkar eftir kynjum, janúar-mars 1980.

Aldur	Hængar		Hrygnur			
	%	Lengd	Pyngd	%	Lengd	Pyngd
2	12	14.9	16.1	46	13.6	11.4
3	730	16.0	21.2	837	14.7	14.7
4	259	17.0	26.3	117	15.5	17.8
Meðaltal		16.2	22.5		14.7	15.1

Að venju var safnað sýnum úr afla rannsókna- og veiðiskipa til ákvörðunar á aldursdreifingu, lengd, þyngd, kynferði, kynþroska og hrognafyllingu.

Aldurs- og stærðardreifing loðnu í afla veiðiskipa á vetrarvertíð 1980 er sýnd í 3. töflu.

Athyglisvert er, að meðalþyngdin er um 10% lægri en veturinn 1979 og um 15% lægri en meðaltal næstliðinna 15 ára. Hefur meðalþyngd hrygningaráloðnu raunar aldrei verið svona lág síðan regluleg sýnataka hófst fyrir 15 árum.

Hrognafylling á vertíðinni er sýnd í 4. töflu og gefur hún til kynna, að hrygning hafi hafist um það bil viku af marsmánuði. Hin háa og jafna hrognafylling seinustu 3 vikur vertíðarinnar sýnir, að loðnan hefur gengið smám saman á miðin þennan tíma eins og fyrr er sagt.

TAFLA 4

Hrognafylling eftir vikum frá 1. janúar 1980.

Vika	Hrognafylling %
2	5.6
3	5.9
4	7.7
5	9.4
6	10.3
7	12.3
8	14.6
9	18.8
10	25.0
11	25.1
12	29.4

Í samvinnu við Norðmenn var í ágústmánuði gerð könnun á útbreiðslu loðnunnar og tilraun gerð til bergmálsmælinga á stærð stofnsins. Lítið reyndist af loðnu á íslenska hafsvæðinu og bergmálsmælingar óframkvæmanlegar eins og á sama tíma árið áður.

Í samræmi við reynslu fyrrí ára voru ekki gerðar frekari tilraunir til stofnstaðarmælinga fyrr en í október.

Bergmálsmælingar hófust skammt norðan 70° N þann 11. október og lauk þann 22. sama mánaðar út af vestanverðu Norðurlandi. Veður hélt með afbrigðum gott og voru aðstæður allar hinar ákjósalegustu að öðru leyti en því, að mikinn ís hafði rekið suður yfir grænlenska landgrunnið.

Eins og venjulega hélt loðnan sig aðallega í hinum kalda sjó Austur-

TAFLA 5

Bergmálsmæling á stærð íslenska loðnustofnsins, 11.-22. október 1980.
Tölur í svigum eru frá sama árstíma 1979.

Aldur	Fjöldi í milljörðum	Meðalþyngd í grómmum	Stofnstærð í þús. tonna
1	23.6 (22.0)	7.2 (6.6)	171 (140)
2	19.6 (49.3)	19.3 (15.3)	378 (754)
3	4.8 (9.4)	26.6 (21.9)	128 (209)
Samtals	48.0 (80.7)		677 (1103)

Grænlandsstraumsins eða við útjaðar hans. Hins vegar var hrygningarstofninn miklu blandaðri smáloðnu en oft er á þessum árstíma.

Eins og sýnt er í 5. töflu var miklu minna af loðnu en á sama tíma 1979 og var heildarstofnstærðin aðeins $\frac{2}{3}$ hlutar þess sem þá mældist og hrygningarstofninn aðeins helmingur.

Ljóst er að eitthvað af loðnu kann að hafa verið undir ís og vanti þess vegna í mælinguna. Vegna þess að mæligildi voru yfirleitt lág næst ísnum og einkum smáloðna á þeim slóðum var talið ólíklegt, að mikil vantaði af hinum kynþroska hluta stofnsins. Þar sem íslenski aflakvótinn var enn að mestu óveiddur, var lagt til að afli yrði takmarkaður við 60% af upphaflegum kvóta, þar til unnt yrði að sannreyna mælingarnar eftir áramótin.

Sumar- og haustvertíðin hófst ekki fyrr en í september. Eftir góða veiði fyrstu two dagana fékkst lítið fyrr en um miðjan október, er loðnan kom á miðin út af Vestfjörðum. Rekís var mjög til trafala seinustu two mánuði ársins. Aldurs- og stærðardreifing loðnuaflans er sýnd í 6. töflu.

TAFLA 6

Aldursskipting, meðallengd (cm) og þyngd (g) aldursflokkar í afla veiðiskipa, september-nóvember 1980.

Aldur	Hængar			Hrygnur			Ókynþroska			Samtals		
	%	Lengd	Þyngd	%	Lengd	Þyngd	%	Lengd	Þyngd	%	Lengd	Þyngd
1	31	14.2	14.4	70	13.3	11.1	698	12.1	7.9	187	12.4	8.8
2	617	16.2	24.4	747	15.2	19.0	277	14.7	16.4	602	15.5	20.8
3	351	17.1	30.1	183	16.1	23.5	25	16.1	22.8	211	16.7	27.5
4	1	17.0	32.5	0	0.0	0.0	0	0.0	0.0	0	17.0	32.5
Meðaltal		16.5	26.1		15.2	19.3		12.9	10.6		15.2	20.0

Sumarið og haustið 1980 hafði loðnan svipuð ætisskilyrði og flest undanfarin ár og var mun betur á sig komin en haustið 1979. Athyglisvert er hið háa hlutfall fyrsta aldursfloksins en af honum veiddust um 50 þús. tonn eða 1/4 hluti aflans á sumar- og haustvertíðinni.

Síðastliðnar tvær sumar- og haustvertíðir var merkt allmikið af loðnu um borð í veiðiskipum og er fyrirhugað að halda því áfram fyrst um sinn. Vegna þess hve vertíðin hófst seint að þessu sinni, var ekki merkt loðna á árinu, enda erfitt um vik í kuldalanum á Norðurdjúpi og Grænlandssundi á haustin.

PORSKUR

Porskleiðöngrum á árinu 1980 fækkaði miðað við fyrri ár. Í febrúar var atferlisrannssóknum á Vestfjarðamiðum sinnt í loðnurannsóknaleiðangri, en sérleiðangrar á Vestfjarðamið voru farnir í júlí og nóvember. Þá var hinum hefðbundnu vertíðarrannsóknum SV-lands haldið áfram.

Vetrarvertíð SV-lands var með betri vertíðum síðan 1970, gæftir góðar og aflabréögð ágæt. Stóri árgangurinn frá 1973 kom nú af fullum þunga til hrygningar, eins og gert var ráð fyrir. Þó voru aflabréögð betri, en spá Hafrannsóknastofnunar gerði ráð fyrir. Skýringin er sú, að þorskur gekk nú af Grænlandsmiðum í meira mæli en mörg undanfarin ár, einkum kom ganga þorsks frá V-Grænlandi nokkuð á óvart. Það var að vísu vitað, að eitthvað myndi ganga af 1973 árganginum frá Grænlandsmiðum á þessa vertíð, en þó var búist við, að megingangan kæmi að venju, þegar þessi fiskur næði 8 ára aldri, þ. e. á vertíðinni 1981.

Ástandi þorskstofnanna við Grænland er þannig hártað, að ólíklegt verður að teljast, að þorskgengd þaðan árið 1981 verð nokkuð í líkingu við gönguna í fyrra. Í leiðangri til A-Grænlands, sem nú var loks farinn eftir margra ára hlé, fannst lítið af ókynþroska þorski og hrygningarstofn við A-Grænland fer aftur minnkandi.

Rannsóknir á eggjum, lirfum og seiðum þorskfiska voru með svipuðu sniði og áður. Seiðarannsóknir sumarið 1980 benda til þess, að klak þorsksins hafi verið nálagt meðallagi síðasta áratugs. Ungþorskarannsóknum var haldið áfram og fyrri niðurstöður endurmetnar í ljósi nýrra gagna.

Enn sem fyrir var fylgst með fjölda þorskseiða í afla rækjubáta og svæðalokunum beitt, ef seiðafjöldi fór yfir viðmiðunarmörk. Lítið varð vart seiða á öllum rækjumiðum og þar af leiðandi lítið um lokanir. Sama er að segja um skyndilokanir til verndar ókynþroska smáþorsk. Stóri árgangurinn frá 1976 var viðmiðunarárgangur ársins, en hans gætti minna í veiðinni en vonir stóðu til. Vitað er, að vegna aukinnar fiskgengdar stærri og eldri þorsks, sóttu togarar ekki eins fast og áður í smáþorsk, en þó verður ekki horft fram hjá

þeim möguleika, að viðkomandi árgangur kunni að vera minni en seiða- og ungþorsksrannsóknir gefa til kynna.

Veiðieftirlitsmenn söfnuðu talsverðum gögnum í ferðum sínum. Sýnum úr afla var svo safnað reglulega í útibúum stofnunarinnar á Hornafirði, Húsavík og Ísafirði árið um kring. Ennfremur fengust sýni frá Keflavík á vetrarvertíð, en gagnasöfnun í Vestmannaeyjum var rýr. Á Íslandsmiðum voru 12.219 þorskar aldursgreindir, 163.467 mældir, 3.675 merktir og magasýnum safnað úr 4.321 þorski. Í þessum eina þorskleiðangri, sem farinn var til A-Grænlands voru 352 þorskar aldursgreindir, 1.298 mældir og 1.375 merktir.

Úrvinnsla gagna beindist að stofnærðarrannsóknum og endurmati á fyrri áætlunum og þróun stofns og veiða með tilliti til nýrri upplýsinga um ástand stofnsins. Í ljósi þessa voru reiknuð nokkur dæmi um þróun stofnsins næstu árin miðað við mismunandi mikinn hámarksfla á ári. Á grundvelli þessara útreikninga var lagt til, að hámarksfli ársins 1981 yrði 400 þús. tonn.

Afram var unnið að rannsóknum á langtímasveiflum í þorskstofninum. Í því sambandi fékkst styrkur úr Fiskimálasjóði til þess að kanna gögn Bretta yfir þorskveiðar þeirra á Íslandsmiðum árabil 1930–1955. Með þessum gögnum og gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar er þess vænst, að hægt sé að reikna út stærð þorskstofnsins með VP-aðferðinni fyrir síðastliðin 50 ár. Ænn var unnið að úrvinnslu gagna úr þorskmerkingum.

Þorskveiðibann var aukið nokkuð frá árinu áður. Talsverð vinna var lögð í það að meta sóknarbreytingu í þorskinn og stendur yfir tölvuvinnsla togara-skýrla í því skyni að kanna hina raunverulegu sókn í þorsk, karfa og ufsa svo eitthvað sé nefnt.

Lögð var fram ritgerð á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins um áhrif friðunaraðgerða á afrakstur þorsk- og ýsustofnanna, og vöktu aðgerðir okkar verðskuldaða athygli.

UFSI

Ufsarannsóknir voru með sama hætti og undanfarin ár, þ. e. að gagnasöfnun fór fram að hluta til í þorsk- og karfaleiðöngrum stofnunarinnar, en að mestu önnuðust útibússtjórar og veiðieftirlitsmenn sýnatökuna. Alls var 11.531 ufsi mældur, þar af 2.611 aldursgreindir. Ufsasýnin voru tekin úr botnvörpu-, handfæra- og netaafla.

Aldursdreifing ufsans í veiðinni á síðastliðnu ári var á þann veg, að mest veiddist af 5 ára ufsa í botnvörpu, eins og búist var við. Í net var 7 ára ufsi hins vegar algengastur. Við endurmat á ufsastofninum kom í ljós, að stofninn hefur vaxið hægar en búist var við. Aflinn árið 1980 var um 57 þús. tonn eða tæplega 3 þús. tonnum undir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar um æski-

legan hámarksafla fyrir síðastliðið ár. Búist er við, að stofninn stækki eilítið á þessu ári, ef stærðir yngri árganga standast, en þar sem stofninn hefur verið í talsverðri lægð undanfarin ár, er ekki mælt með, að aflinn árið 1981 fari fram úr 60 þús. tonnum.

ÝSA

Engir sérleiðangrar voru farnir til ýsurannsókna á árinu, heldur var þeim sinnt í þorskrannsókna- og öðrum leiðöngrum stofnunarinnar, eftir því sem tökk voru á. Ýsugönum var og safnað árið um kring í sömu verstöðvum og af sömu aðilum og önnuðust söfnun þorskgagna. Alls var 50.691 ýsa mæld á árinu og 5.104 aldursgreindar.

Ýsa er einkum veidd í botnvörpu og á línu og reyndist hlutdeild árgangsins frá 1976 stærst í bæði þessi veiðarfæri. Þó bar ekki eins mikið á þessum árgangi í veiðinni og vonast var til, en seiðarannsóknir bentu á sínum tíma til þess, að hér væri um óvenjustóran árgang að ræða. Í net bar eðlilega meira á eldri ýsu og var 7 ára ýsa af stóra árganginum frá 1973 enn algengust (41%).

Í landi var unnið úr ýsugönum með svipuðum hætti og þorsk- og ufsagögnum, eftir því sem mannaflí leyfði. Stofnstærð og fiskveiðidánartala var reiknuð og fyrri stofnstærðarútreikningar endurskoðaðir með tilliti til nýrra upplýsinga um árgangastærðir. Hafrannsóknastofnunin mælti með 60 þús. tonna hámarksafla á síðastliðnu ári, en aflinn varð hins vegar mun minni eða rúm 50 þús. tonn. Tillögurnar í fyrra byggðu á mikilli bjartsýni um stærð 1976 árgangsins. Núverandi endurmat stofnsins gefur til kynna, að ekki sé ráðlegt að auka aflann á þessu ári frá því sem hann var í fyrra.

Sem fyrr var fylgst með fjölda ýsuseiða og smáýsu í afla togara, humar- og rækjubáta og gripið til skyndilokana, ef fjöldinn fór yfir viðmiðunarmörk. Grípa varð til skyndilokunar í fyrsta sinn eftir að 155 mm riðill komst í notkun, er óvenjuleg smáýsugengd var á SA-miðum síðastliðið vor.

SPÆRLINGUR

Ahugi á spærlingsveiðum var í lágmarki árið 1980. Vertið hófst í lok mars og stóð yfir fram í byrjun maí en þá fór að bera mikið á óæskilegum aukaafla og voru veiðar þá stöðvaðar og hófust ekki aftur. Þann tíma, sem spærlingsveiðarnar stóðu yfir, fylgdust eftirlitsmenn með veiðunum.

Í leiðangri, sem farinn var í júlí árs. Árna Friðrikssyni, var hugað að spærlingi við S- og SV-land. Leitað var á hinum hefðbundnu spærlingsmiðum í Háfadjúpi og á Selvogsbanka og teknar nokkrar togstöðvar að auki en einnig var leitað á svæðinu frá Reykjanesi og vestur í Kolluál.

Lítið varð vart spærlings í Háfadjúpi og á Selvogsbanka. Undanfarin ár hefur alltaf verið mun meira um spærling á þessum slóðum á þessum tíma. Það var aðeins í austanverðu Háfadjúpi og vestast á Selvogsbankanum, sem lítillega varð vart spærlings en alls ekki í veiðanlegu magni. Á svæðinu milli Reykjaness og Kolluáls varð ekki vart við spærling.

KOLMUNNI

Á tímabilinu 14.–28. júní var gerð könnun á kolmunnagöngum og veiðmöguleikum við SA- og A-land. Kolmunninn gekk austarlega á gönguleið sinni frá Færejum norður í höf eins og árið 1979. Enginn kolmunni fannst á landgrunninu fyrir Austurlandi, enda þótt ástand sjávar væri hagstætt. Ekki er vitað, hvað olli.

Kolmunnaveiðarnar hjá íslensku skipunum gengu því illa og varð aflinn aðeins um 4.400 lestar við Austfirði. Aflinn við Færejar í maí varð um 5.400 lestar.

Gerðar voru veiði- og veiðarfæratilraunir á rs. Hafþór við Suðausturland 1.–23. september. Afli var frá 0–20.2 lestar á togtíma, að meðaltali um 4.5

TAFLA 7.
Aldursdreifing kolmunnna 1980 í %.

Aldur	Dohrnbanki	Austurland
2	16	1
3	4	8
4	7	8
5	30	9
6	32	20
7	6	21
8	4	24
9	1	7
10	—	1
11	—	1
12	—	+
13	—	+
14	—	—
15+	—	+
Fjöldi	200	875
Meðal-		
aldur	5.0	6.6

lestir. Einnig var togað í einn dag á Dohrnbanka þann 24. október og var afli frá 0,5–15 lestir á togtíma, að meðaltali tæpar 4 lestir. Ekki varð úr að kanna veiðisvæði Sovétmanna austur og norðaustur af landinu.

Alls voru tekin til aldursgreiningar og mæld 37 sýni, samtals 3.845 fiskar.


Tafla 7 sýnir aldursdreifingu kolmunnans á Dohrnbanka í október og aldursdreifingu kolmunnans við Austfirði í júní–september.

SKARKOLI

Skarkoli var rannsakaður í 5 leiðöngum á árinu 1980. Í tveimur þeirra var hann aðalverkefnið. Þar að auki voru farnar nokkrar dagsferðir með dragnótabátum í Faxaflóa. Þar var þó einkum verið að fylgjast með dragnótaveiðunum sjálfum.

Merkir voru 2.649 skarkolar, 2.975 kvarnaðir og 7.983 mældir.

Dragnótaaflinn í Faxaflóa var, eins og að undanförnu, aðallega skarkoli eða 81,7% og aðrar tegundir því til samans 18,3% (8. tafla og 10. mynd).



10. mynd. Hlutfallsleg skipting dragnótaaflans í Faxaflóa eftir tegundum.

TAFLA 8.
Dragnótaaflí úr Faxaflóa í júlí–október 1980.

	Skarkoli	Lúða	Ýsa	Porskur	Steinbítur	Annar fiskur	Samtals
Smálestir	1.096	54	82	108	1,5	0,5	1.342
%	81,7	4,0	6,1	8,0	0,1	0,1	100,0
Kg í róðri	3.393	167	254	335	5	2	4.156

Porsk- og ýsuafli var hlutfallslega meiri en 1979, einkum var mikil um porsk í byrjun vertíðar.

Möskvastærð í poka og belg dragnótanna var 155 mm eins og árið á undan.

Heildaraflinn til nóvemberloka var 4.169 tonn og var því skarkolastofninn ekki hálfnýttur eins og oft hefir verið undanfarin ár (9. tafla), en talið er að úr honum megi taka um 10.000 tonn á ári.

TAFLA 9.
Skarkolaafli við Ísland í tonnum, árin 1972–1979.

Ár	Afli Íslendinga	Afli annarra þjóða	Samtals
1972	5.129	1.367	6.496
1973	4.137	641	4.778
1974	3.936	85	4.081
1975	4.399	176	4.577
1976	4.993	31	5.024
1977	5.267	3	5.270
1978	4.499	5	4.504
1979	4.491	1	4.492

GRÁLÚÐA

Skip fékkst ekki til grálúðurannsókna á árinu. Gögnum var safnað í verstöðvum eftir því sem ástæður leyfðu. Kvarnaðar voru 2.003 grálúður og 9.535 mældar.

Eftir úrvinnslu voru gögn frá árunum 1976–1980 notuð til V.P.-greiningar. Á grundvelli hennar var lagt til, að hámarksafli árið 1981 yrði 15 þús. tonn (sjá nánar í Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1981, Hafrannsóknir, 22. hefti).

Grálúðuaflinn tvö s. l. ár fór langt fram úr því, sem æskilegt var, eða 23.336 tonn 1979 og líklega í 28.000–30.000 tonn 1980.

LÚÐA

Árið 1980 var safnað lúðugönum í nokkrum leiðöngrum á líkan hátt og gert hefur verið undanfarin ár. Voru lúður ýmist merktar eða kvarnaðar til aldursákvörðunar og mældar og kyngreindar. Merktar voru 97 lúður á árinu og 7 endurheimtust. Af þeim lúðum sem endurheimtust var engin merkt árið 1980, þjár höfðu verið merktar 1979 og tvær árið 1978. Allar þessar lúður nema ein höfðu endurheimst í námunda við merkingarstaðinn en ein lúða merkt í apríl árið 1978 á Hafnaleir endurheimtist í ágúst 1980 í Diskóflóa við V-Grænland. Hafði hún á þessum tíma lengst úr 49 cm í 110 cm. Kvarnaðar voru 243 lúður á árinu og aldursákvarðaðar. Voru þær á aldrinum 2–8 ára, flestar þriggja ára. Mældar voru 238 lúður.

KARFI

Minna var um karfarannsóknir á sjó á árinu 1980 en fyrirhugað var, þar sem rs. Hafþór kom ekki í gagnið fyrr en seint á árinu og voru þá önnur verkefni látin ganga fyrir. Þó voru farnir tveir leiðangrar, þar sem karfarannsóknir voru meðal verkefna.

Íslendingar stunduðu karfaveiðar eingöngu á Íslandsmiðum og var þetta þriðja árið, sem Íslendingar sitja að mestu einir að karfaveiðunum við Ísland. Heildarkarfaaflí á Íslandsmiðum árið 1980 var rúm 71.000 tonn (64.310 tonn árið 1979) en þar af var aflu erlendra þjóða tæp 2.600 tonn, svo að karfaaflí Íslendinga nam um 68.500 tonnum á árinu 1980 og var það um 9% aukning frá árinu áður (en árið 1979 var karfaaflí Íslendinga 62.253 tonn).

Á árinu var farinn leiðangur með rs. Bjarna Sæmundssyni 18.–29. apríl þar sem meginverkefnin voru karfagots- og seiðarannsóknir. Rannsóknasvæðið var djúpslóð SV-lands, einkum Reykjanessvæðið. Ýmsar niðurstöður úr leiðangrinum hafa verið birtar í ritgerð (ICES, C.M. 1980/G:46) og vísast til hennar, en þar kom m. a. fram að karfi (*S. marinus*) og djúpkarfi (*S. mentella*) gjóta t. d. ekki alfarið á sama dýpi.

Þá var farið í leiðangur með rs. Bjarna Sæmundssyni 6.–19. september til könnunar á uppeldissvæðum karfa við Austur-Grænland. Slík könnun hefir ekki verið gerð áður. Svo óheppilega vildi til, að togspil varð fyrir skemmdum, sem ekki var hægt að gera við úti á sjó, er fyrirhuguð yfirferð var rúmlega hálfnuð, og varð því að hætta fyr en ætlað var. Engu að síður fengust mjög mikilvægar upplýsingar, sem lúta að uppeldissvæðum karfa þ. á m. um útbreiðslu og fjölda smákarfa við Austur-Grænland. Kom m. a. í ljós, að uppeldissvæði karfa og djúpkarfa eru að hluta aðskilin.

Pá var dagana 1. og 2. október kannað á rs. Hafþór smákarfasvæðið út af Breiðafirði, þ. á m. lokaða hólfið.

Gagnasöfnun úr lönduðum afla var með svipuðum hætti og áður, og reynt að hafa sýnatöku sem jafnasta yfir allt árið, enda eru karfaveiðar nú stundaðar allt árið. Alls voru mældir 48.949 karfar (karfi og djúpkarfi) úr leiðöngrum og lönduðum afla.

Á árinu urðu ekki miklar breytingar á sókn í karfa, nema hvað hún jókst nokkuð og dreifðist jafnara á árið en oft áður, hvort tveggja að líkindum vegna aukinna þorskveiðibanna. Sóknaraukningin mun einkum hafa beinst að SV-svæðinu og mun það m. a. vera ástæðan fyrir því, að hlutdeild djúpkarfa jókst lítillega í aflanum eða frá því að vera um 13% árið 1979 í 14.6% árið 1980.

Tiltölulega smár karfi var verulegur hluti aflans sem fyrr. Þó var mjög lítið af smáum djúpkarfa í aflanum. Á heildina lítið, var meðalstærðin heldur minni en árið áður, en meðalstærð landaðs karfa (báðar teg.) úr togurum frá 1976 var sem hér segir:

1976	37.42	cm
1977	38.32	—
1978	37.66	—
1979	38.60	—
1980	38.36	—

Veiðieftirlitsmenn mældu töluvert af óflokkuðum karfa um borð í togurum. Að vanda var lengdardreifing og meðallengd allbreytileg eftir svæðum og nokkuð frábrugðin meðalstærð karfans úr lönduðum afla. Samanburður á þessum gögnum og gögnum úr lönduðum afla bendir til þess að úrkast hafi verið sáralítíð nema helst á NV-svæðinu. Mjög lítið var af smákarfa í sýnum, bæði á sjó og úr lönduðum afla, þegar á heildina er lítið.

Allar lengdarmælingar hafa verið teknar saman eftir svæðum og sendar ásamt umsögn Alþjóðahafrannsóknaráðinu til birtningar í Annales Biologiques.

Karfa- og grálúðuvinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (eins og hún heitir nú) gerði úttekt á karfastofnunum á árinu 1980. Helstu niðurstöður vinnunefndarinnar koma fram í Ástandsskýrslu (Hafrannsóknir 22. hefti) og verður því ekki frekar fjallað um þær hér.

Í hinum árlega seiðaleiðangri á Grænlandshafi og við Austur-Grænland í ágúst 1980 kom í ljós, að enn eitt ár virðist viðkoma karfans hafa verið með minnsta móti. Um 47% seiðanna á þessu hafsvæði var karfi (*S. marinus*). Par sem hér er um mun hærri hundraðstölu að ræða en á árinu 1979 gæti það bent til þess, að viðkomubresturinn sé einkum hjá djúpkarfa (*S. mentella*).

SANDSÍLI

Þrír bátar fengu leyfi til tilraunaveiða á sandsíli á árinu: Arney, Dagfari og Seley. Arney reyndi fyrir sér einn dag út af Eldey 21. júlí en fékk lítið.

Seley tók ekki þátt í veiðunum. Dagfari reyndi aftur á móti talsvert fyrir sér en með litlum árangri.

Skipstjóra Dagfara og eftirlitsmönnum, sem voru með honum ber saman um það að talsvert hafi lóðað á sandsíli á aðalveiðisvæðinu við Ingólfshöfða, en það ekki verið veiðanlegt. Veiðar voru reyndar við Vík, Eldey og á Faxaflóa en með litlum árangri. Í töflum 10 og 11 getur að líta ýmsar upplýsingar um sílið, sem veiddist á áðurnefndum stöðum.

Af þrem tegundum sandsíla, sem finnast hér við land hefur í sýnum úr afla eingöngu fundist marsíli. Í töflunni hér að framan kemur fram sá munur, sem er á marsílinu eftir svæðum. Sílið er stærst og þyngst eftir aldri við Ingólf-

TAFLA 10.
Lengdardreifing marsílis.

Lengd cm	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
Í Faxaflóa %	3	18	16	16	9	11	5	6	11	4	—	—	—	—	—
Við Eldey %	—	—	—	—	5	12	20	15	15	17	8	5	2	1	—
Við Ingólfshöfða %	—	—	+	1	2	1	4	6	8	9	12	22	20	11	4

TAFLA 11.
Meðallengd og þungi svo og aldursdreifing marsílis í Faxaflóa,
við Eldey og Ingólfshöfða 1980.

Aldur	Faxaflói			Eldey			Ingólfshöfði		
	Meðal-lengd	Meðal-pyngd	Aldurs-skipting	Meðal-lengd	Meðal-pyngd	Aldurs-skipting	Meðal-lengd	Meðal-pyngd	Aldurs-skipting
0	8.9	2.2	13	—	—	—	11.3	4.8	2
1	10.2	3.8	22	—	—	—	14.1	10.3	7
2	12.2	7.1	31	14.0	9.0	36	17.2	18.7	28
3	13.5	9.5	22	15.3	12.6	30	19.1	26.7	41
4	14.6	11.4	10	16.8	16.5	22	19.7	29.2	15
5	16.5	17.3	2	17.9	18.3	7	20.7	31.8	5
6	—	—	—	17.8	19.2	4	20.4	26.7	1
7	—	—	—	—	—	—	21.3	27.8	1
8	—	—	—	—	—	—	22.0	33.5	+
9	—	—	—	20.0	30.3	1	22.0	31.5	+

höfða, svipað en þó smærra og léttara við Eldey en mjög smátt og létt í Faxaflóa. Í Faxaflóa ber einnig meira á yngra síli í afla en við Eldey og Ingólfshöfða og er það í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Þess má að lokum geta, að mikill mismunur er á síli eftir svæðum í Norðursjó.

STEINBÍTUR

Árið 1980 var farið í 3 leiðangra til steinbítssrannsókna. Auk hinna hefðbundnu leiðangra til Vestfjarðamiða og Vesturlandsmiða var farinn leiðangur að sumri til að merkja steinbít við SA- og A-land. Einig var mældur steinbítur í nokkrum öðrum leiðöngrum stofnunarinnar á árinu og safnað var gögnum úr fiskiskipum til aldursákvörðunar í útibúum á Ísafirði, Húsavík og Hornafirði.

Alls var safnað eftirtöldum gögnum á árinu:

TAFLA 12.
Steinbítsgagnasöfnun árið 1980.

	Merkt	Kvarnað	Mælt	Annað	Alls
Leiðangrar	1.146	1.052	3.395	8	5.601
Útibú	—	298	894	—	1.192
Annað	—	—	130	—	130
Alls	1.146	1.350	4.419	8	6.923

Af þeim steinbítum, sem merktir voru á árinu, endurheimtust 14 fyrir árslok en auk þess endurheimtust 55 úr merkingu frá 1979 og tveir úr merkingu frá 1978. Flestir þessara steinbíta höfðu endurheimst skammt frá merkingarstaðnum.

Steinbítur sá úr sýnum, sem tekin voru árið 1980, var á aldrinum 1–20 ára og voru 8–13 fiskar algengastir bæði í afla fiski- og rannsóknaskipa.

Auk merkinga á steinbít og rannsókna á aldri, lengd og kynþroska var fylgst með fæðu, tannskiptum o. fl.

HROGNKELSI

Haldið var áfram gagnasöfnun og gagnavinnslu á svipaðan hátt og árin áður.

Kvarnaðar voru 1.850 grásleppur og 350 rauðmagar. Mældar voru 5.150 grásleppur en aðeins 200 rauðmagar. Merkt voru 218 hrognkelsi, svo að gagnasöfnun nær til 7.570 hrognkelsa.

Auk þess sem unnið var úr þeim gögnum sem safnað var á árinu, var lögð áhersla á að sannprófa þá aldursgreiningaraðferð, sem notuð hefur verið undanfarin ár.

Árið 1980 voru saltaðar um 18.500 tunnar af grásleppuhrognum og er það með betri árum í þessum veiðum. Árangur veiða var þó nokkuð mismunandi eftir veiðisvæðum. Athuganir á aldurssamsetningu undanfarin ár hafa leitt margt athyglisvert í ljós. Má þar nefna, að aldurssamsetning í veiðum er oft mjög mismunandi eftir veiðisvæðum. Sé nýliðun góð (5 og 6 ára hrognkelsi) á einhverju veiðisvæði boðar það góðan afla árin eftir. Petta er í fullu samræmi við þær niðurstöður, sem fengist hafa frá endurheimtu merkja, að hrognkelsin eru staðbundin hvað varðar hrygningarsvæði, þótt þau blandist hrognkelsum af öðrum svæðum, þegar þau eru á djúplóð.

Pessar aðstæður krefjast umfangsmikillar gagnasöfnunar, til þess að hægt sé að segja til um ástand á hverju veiðisvæði fyrir sig og hefur verið leitað til grásleppukarla um samvinnu í þessum efnum. Góður árangur varð af þessu samstarfi síðastliðið vor.

DJÚPFISKAR

Á árinu 1980 voru nokkrir leiðangrar fyrrhugaðir, þar sem sinna átti rannsóknar um djúpfiskum. Allir slíkir leiðangrar voru felldir niður annað árið í röð. Ætlað var að leiðangrar til rannsókna á þessum tegundum skuli vera felldir niður ár eftir ár, ekki síst með tilliti til þess, að erlendar þjóðir hafa sótt nokkuð fast að fá að rannsaka og veiða þessar tegundir innan íslenskrar lögsögu.

Blálanga hefir allt til síðustu ára aðeins veiðst sem aukaveiði, einkum við karfaveiðar. En á árinu 1980 brá svo við að sérstök blálönguveiði var stunduð af togurunum um tíma og hafði það í för með sér stóraukinn blálöngufla. Árið 1979 öfluðust um 2.000 tonn en árið 1980 um 8.000 tonn og er því um fjórfoldun aflans að ræða. Tókst að afla góðra sýna úr þessum afla. Blálanga var veidd á tímabilinu febrúar-apríl á tiltölulega takmörkuðu svæði S af Vestmannaeyjum, þar sem hún safnast saman til hrygningar. Hér var eingöngu um kynþroska blálöngu að ræða frá um 80–140 cm að lengd (meðallengd 96.8 cm).

EKKI TÓKST AÐ FÁ SÝNI ÚR LÖNDUÐUM **löngufla** Á ÁRINU, EN ÞAÐ ER MIKLUM ERFIÐLEIKUM BUNDIÐ. MJÖG TAKMÖRKUÐ SÝNI FENGUST Í RANNSÓKNALEIÐÖNGRUM. LENGDARDREIFINGIN ER MIKIL, EÐA FRÁ 58–168 CM OG MEÐALLENGÐ ALLRA SÝNA REYNDIST 99.0 CM. HÚN VAR MINNST Á SV-SVÆÐINU AÐ VANDA (91.9 CM). LÖNGUFLINN HEFIR VERIÐ TILTÖLULEGA JAFN UNDANFARIN ÁR, ENDA ER HÉR EINGÖNGU UM AUKAVEIÐI VIÐ ANNAN VEIÐISKAP AÐ RÆÐA.

Vitað er, að ein langa veiddist í Öxarfirði í október 1980. Ekki er vitað til þess, að langa hafi fengist áður á þessum slóðum.

Gögn um **keilu** voru mjög takmörkuð, en meðallengd hennar var 55.88 cm.

Gagnasöfnun og rannsóknar var haldið áfram á **langhólum** og **gulllaxi** eftir því sem tilefni gafst. Gögn eru hins vegar takmörkuð og tilviljunarkend, þar sem fyrirhugaðir leiðangrar til rannsókna á djúpfiskum voru felldir niður og um landanir er ekki að ræða. Gögnum um framanskráðar tegundir var safnað sem hér segir: Blálanga, langa og keila 3.428 stk. (mest blálanga), langhalar 1.532 stk. og gulllax 3.613 stk.

Allar mælingar á blálöngu, löngu, keilu, langhólum og gulllaxi hafa verið teknar saman og sendar Alþjóðahafrannsóknaráðinu ásamt skýringum til birttingar í Annales Biologiques.

Skrá yfir sjaldséða fiska er árlega send Alþjóðahafrannsóknaráðinu til birttingar, en slík skrá er einnig birt í Ægi.

SELARANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár voru merktir útselskópar í Hvalseyjum á Mýrum. Í þetta sinn voru merktir alls 148 útselskópar, 81 urta og 67 brimlar. Til þessa verkefnis naut stofnunin ómetanlegrar aðstoðar Landhelgisgæslunnar. Á árinu voru farnar þjár ferðir í Hítarárós til selasýnatoku og voru sýni tekin úr 24 dýrum á mismunandi tínum. Sýni þessi eru í vinnslu og eru niðurstöður væntanlegar innan tíðar. Pessum athugunum verður fram haldið á næsta ári.

Selviði Íslendinga minnkaði til muna á árinu 1980 og kann aðalástæðan að vera sú, að kópaskinn hafa fallið í verði.

Á nýafstöðnu Fiskiþingi var samþykkt sú áskorun til yfirvalda að lagt verði til atlögu gegn selenum hér við land og honum stórlega fækkað. Áður en gripið verður til slíkra aðgerða þarf að kanna stöðu selsins í svonefndu hringormavandamáli svo og áhrif hans á stærð ýmissa nytjastofna hér við land.

VEIÐIEFTIRLIT

Eins og áður voru 7 eftirlitsmenn við störf á árinu. Þeir voru alls við eftirlitsstörf í 1259 daga á árinu, sem skiptast þannig: Á togurum 594 dagar, við þorsknetaveiðar 173 dagar, við dragnótaveiðar 125 dagar, við síldveiðieftirlit 90 dagar, við rækjuveiðar 82 dagar, við spærlingsveiðar 54 dagar, við grásleppuveiðar 44 dagar, við línuveiðar 39 dagar, við sandsílisveiðar 24 dagar, við humarveiðar 20 dagar og við loðnuveiðar 14 dagar. Í þessu yfirliti er ekki tekið tillit til undirbúningsvinnu, gagnaúrvinnslu, skýrslugerðar og fund-

arhalaða með starfsfólk Hafrannsóknastofnunarinnar og Sjávarútvegsráðuneytisins.

Alls kom til 30 skyndilokana á árinu. Lang oftast eða 23 sinnum var um togveiðibann að ræða, í tveimur tilvikum voru línuveiðar bannaðar, síldveiðar í nót tvisvar, spærlingsveiðar tvisvar og einu sinni voru loðnuveiðar bannaðar. Auk þessara skyndilokana var nokkrum sinnum gripið til reglugerðalokana að tillögu stofnunarinnar og í nokkrum tilvikum voru veiðileyfi innkölluð og var þar um rækju-, spærlings- og sandsílisveiðar að ræða.

Auk þessara eftirlitsstarfa söfnuðu veiðieftirlitsmennirnir veigamiklum gögnum fyrir stofnunina.

VEIÐARFÆRARANNSÓKNIR

Prenns konar tilraunir voru gerðar með veiðarfæri á árinu 1980. Skal þar fyrst nefna tilraunir með ýmsar gerðir af toghlerum. Var þar bæði um að ræða að bera saman ýmsar hleragerðir og mismunandi skurð hverrar gerðar. Við þennan samanburð var bæði tekið tillit til krafta hleranna til að glenna út trollið svo og viðnáms þeirra í drætti. Gögn eru enn of takmörkuð og hefur því verið ákveðið að halda þessum rannsóknum áfram.

Í mars var hafist handa um að athuga, hversu mikil rækja slyppi út um hliðarbyrði rækjuvarpna. Gerðar voru tilraunir með stærri möskva og meiri netslaka á þessum stað í trollinu. Í ljós kom, að töluvert má draga úr smá-rækjuveiði með stærri möskvum og auknum slaka, án þess að verulega dragi úr afla á stórri rækju. Um haustið voru slískar tilraunir endurteknar en þá brá svo við, að fullmikið slapp af stóru rækjunni. Gerð var grein fyrir niðurstöðum vortilraunanna í Sjávarfréttum og í erindi á fundum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Einnig þessum tilraunum verður haldið áfram.

Veiðitilraunum á kolmunna var enn haldið áfram á árinu 1980 og var nú í fyrsta skipti farið á rs. Hafþór til þeirra rannsókna. Ekki varð skipið þó ferðbúið fyrr en í lok ágúst, þegar veiðihorfur eru bágari en um hásumarið. Ekki fundust kolmunnatatorfur fyrir austan land í líkingu við það, sem verið hefur undanfarin ár. Einungis fundust dreifðar lóðningar við landgrunnsbrúnina út af sunnanverðum Austfjörðum. Við þessar aðstæður reyndist svokölluð stórmöskvaflotvarpa, sem er með allt að 16 m möskvastærð, mjög vel, enda þótt aðstæður gæfu ekki tilefni til mikils afla. Fyrirhugað var að prófa sérstaka gerð af botnvörpu við veiðarnar, en þar sem ekki varð vart lóðninga við botn, varð ekkert úr framkvæmdum. Eins og fram kemur í kaflanum um kolmunnann, fannst einnig nokkuð af kolmunna á Dohrnbanka um haustið.

Á árinu 1981 er enn fyrirhugað að gera veiðitilraunir á kolmunna og athuga veiðihorfur sem víðast. Vegna síaukinnar sóknar í þennan stofn er vart

við því að búast, að hreinar bræðslufiskveiðar eigi glæsta framtíð fyrir sér. Sem betur fer hefur orðið vart tilburða til að verka þessa bragðgóðu fisktegund til manneldis og gæti slík vinnsla skipt sköpum fyrir kolmunnaveiðar í framtíðinni.

Skylt er að geta þess, að um kolmunnann hefur verið norræn samvinna og á það bæði við um veiðarfæratilraunir og vinnslu. Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur styrkt þessar tilraunir. Pessari samvinnu er nú lokið og var lokafundur haldinn í Reykjavík í nóvember 1980.

Eins og undanfarin ár var nokkuð gert af því að rannsaka netagarn og net fyrir ýmsa aðila. Var þar að vanda einkum um slitþol að ræða.

Loks er svo að nefna, að á árinu 1980 var stofnuð sérstök veiðarfæradeild innan stofnunarinnar.

ÚTIBÚIN

Sem kunnugt er, starfrækir Hafrannsóknastofnunin nú þrjú útibú, á Ísafirði, Húsavík og Höfn í Hornafirði. Húsavíkurútibúið er þeirra elst, en þar hófst starfsemi árið 1974. Hin tvö voru opnuð tveim árum síðar.

Reyndar var gert ráð fyrir fjórða útibúinu í Ólafsvík og hefur öll aðstaða þar verið fyrir hendi síðan 1978 en fíárveiting hefur ekki fengist til reksturs þess.

Eftirfarandi yfirlit á að sýna tilgang og verkefni útibúanna.

A. Gagnasöfnun og eftirlit:

1. Reglubundnar mælingar og kvarnanir: Pessi gagnasöfnun er að jafnaði stærsti þáttur starfseminnar. Gögnin eru notuð til eftirlits með veiðum í mismunandi veiðarfæri og til að fylgjast með stærð og aldursdreifingu þeirra dýrastofna, sem nytjaðir eru.

2. Tímabundin verkefni: Til dæmis nýafstaðinn samanburður á þyngd miðað við lengd, vegna breytinga á verðlagningu fisks.

3. Eftirlitsferðir: Innan umdæmis eru farnar ferðir á aðra útgerðarstaði, til eftirlits með veiðum og til gagnasöfnunar.

B. Staðbundin smáverkefni:

1. Gagnkvæm upplýsingamiðlun: Fundir og viðræður við sjómenn.

2. Minniháttar rannsóknir: Athuganir vegna áhuga útibússtjóra, eða annarra fróðleiksfúsra, á staðbundnum fyrirbærum (sjaldgæfar dýra- eða plöntutegundir, aldur fiska o. s. frv.). Einnig bráðabirgðaúrvinnsla á áhugaverðum mælingum.

3. Þjónusta: Útvegun eyðublaða og leyfa, móttaka fiskmerkjum o. fl. en auk

þess eru útibúin tengiliðir við Hafrannsókn, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Sjávarútvegsráðuneyti.

C. Sjálfstæðar rannsóknir:

Útibússjórar og aðrir hafa möguleika til að nota sér húsnæði og tækjakost útibúanna til sjálfstæðra rannsókna. Staðsetning útibúanna auðveldar aðgang að nýjum svæðum við landið og gerir reglubundnar sýnatökur þar mögulegar.

